

DRÖG AÐ KENNSLUSKRÁ TÓNLISTARDEILDAR

Námskeiðslýsingar eru birtar í stafrófsröð

BA / B.MUS

ADALFAG I – HLJÓÐFÆRAKENNARABRAUT

6 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið klassískt hljóðfæra- eða söngnám. Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfa nemanda. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismunandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á sjálfstæðan hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnir,
- geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Virkni og tónleikar

Kennari: Martial Nardeau, Emil Friðfinnsson, Vilborg Jónsdóttir

ADALFAG III – HLJÓÐFÆRAKENNARABRAUT

6 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið klassískt hljóðfæra- eða söngnám. Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfa nemanda. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa öðlast meiri þekkingu, færni og leikni í faginu og geta unnið flóknari, erfiðari og lengri verkefni og hafa dýpri túlkunarhæfni en í undanfaranum,
- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismunandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á einstaklingsbundinn hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnir,
- geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu,
- hafa öðlast öryggi í flutningi og framkomu fyrir framan hóp.

Námsmat: Virkni og tónleikar.

Umsjónakennari: Peter Máté

ADALFAG – HLJÓÐFÆRI/SÖNGUR I

8 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið klassískt hljóðfæra- eða söngnám.

Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfa nemanda. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning.

Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismunandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á sjálfstæðan hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnir,
- geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Virkni og tónleikar.

Umsjónarkennari: Peter Máté

Kennarar: Bryndís Halla Gylfadóttir, Guðný Guðmundsdóttir, Kristinn Sigmundsson, Þóra Einarsdóttir, Magnea Árnadóttir, Peter Máté, Martial Nardeau, Svanur Vilbergsson

AÐALFAG – HLJÓÐFÆRI/SÖNGUR III

8 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið klassískt hljóðfæra- eða söngnám. Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfa nemanda. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa öðlast meiri þekkingu, færni og leikni í faginu og geta unnið flóknari, erfiðari og lengri verkefni og hafa dýpri túlkunarhæfni en í undanfaranum,
- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismunandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á einstaklingsbundinn hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnir,
- geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu,
- hafa öðlast öryggi í flutningi og framkomu fyrir framan hóp.

Námsmat: Virkni og tónleikar.

Umsjónarkennari: Peter Máté

Kennarar: Einar Jóhannesson, Peter Máté, Martial Nardeau

AÐALFAG – HLJÓÐFÆRI/SÖNGUR V

8 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið klassískt hljóðfæra- eða söngnám. Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfa nemanda. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa meiri þekkingu, færni og leikni í faginu og geta unnið flóknari, erfiðari og lengri verkefni og hafa dýpri túlkunarhæfni en í undanfarinum,
- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismunandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á einstaklingsbundinn hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnir,
- geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu,
- hafa öðlast yfirgripsmikla þekkingu á tónbókmenntum viðkomandi hljóðfæris og ýmsum kennsluáðferðum.

Námsmat: Virkni og tónleikar.

Umsjónarkennari: Peter Máté

Kennarar: Martial Nardeau, Sigurður Þorbergsson, Svava Bernharðsdóttir, Ármann Helgason

ADALFAG-SKAPANDI TÓNLISTARMIDLUN I, III og V 8 ECTS

Lýsing:

Miðlun: Unnið er með snarstefjun, tónsmíðar í hópi, samspil, framkomu á sviði, frásögn og stjórnum. Farið er í heimsóknir, t.d. grunnskóla eða tónlistarskóla, þar sem nemendur fá tækifæri til að vinna og skapa tónlist með börnum og ungu fólki. Í námskeiðinu felst ýmist tónleikahald með verkum sem samin eru eða útsett í áfanganum. Nemendur skrá og miðla vinnuferlinu og afrakstri námskeiðsins á fjölbreyttan hátt. Í námskeiðinu miðla 1., 2. og 3. árs nemar þekkingu og reynslu sín á milli.

Leiðtogafærni: Nánari lýsing væntanleg.

Spuni/samspil: Þetta er hluti af aðalfagsnámskeiðinu sem gildir 25%. Spuninn snýst fyrst og fremst um virka þátttöku allra nemenda í spunaleik, þ.e. að kynnast hljóðfæri sínu (í mjög víðri merkingu) frá nýju sjónarhorni með leik (eða söng) af fingrum fram. Markmiðið er að rannsaka margvíslega nálgun að viðfangsefninu með tilliti til misjafnlega mikils frelsis í gjörningnum og notkunar á leiðbeiningum, t.d. nótnaritun eða öðrum táknum, til að móta og skapa ákveðinn farveg fyrir spunaverk. Skoðuð verða þekkt verk sem byggjast misjafnlega mikið á spuna og þau notuð sem innblástur fyrir eigin sköpun og til umræðu. Samspilið skarast gjarnan við spunann en auk þess er farið í ýmis konar repertoire eftir því sem á við í samræmi við aðalfag viðkomandi nemanda. Samspil og spuni eru tekin fyrir í lotum undir leiðsögn leiðbeinenda með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- búa yfir færni í miðlun og samskiptum,
- hafa hæfni í að vinna sameiginlega að verkefnum eða viðburðum,
- geta unnið í hópvinnu, skipulagi og umleitunum,
- geta átt samskipti við einstaklinga og hópa við mismunandi menningarlegar og þjóðfélagslegar aðstæður
- geta sett efni fram á aðgengilegan hátt,
- geta stjórnað námskeiðum/smiðjum í skólum eða við aðrar aðstæður,
- hafa innsæi og skilning á mismunandi hlutverkum í samleik og geta verið jöfnum höndum leiðandi og fylgjandi,
- geta spunnið af öryggi og brugðist við aðstæðum og samhengi á þann hátt sem hæfir hverju sinni,
- geta miðlað, í rituðu og mæltu máli, viðfangsefnum tónlistarinnar á almennum og faglegum vettvangi,
- geta beitt helstu upplýsingatækni (IT),
- hafa innsæi og skilning á mismunandi hlutverkum í samspili og geta verið jöfnum höndum leiðandi og fylgjandi,
- búa yfir virkri hlustun og hafa tilfinningu fyrir jafnvægi í styrk og intónun og geta greint vægi hvernar raddar á hverjum tíma,

- hafa yfirsýn yfir ýmiss konar spunastíla ásamt því að hafa kynnst verkum sem byggjast á spuna,
- geta spunnið af öryggi og brugðist við aðstæðum og samhengi á þann hátt sem hæfir hverju sinni,
- hafa getu til að skrá niður og útfæra leiðbeiningar fyrir spunahóp til að nota við flutning,
- geta átt samræður um grundvallaratriði er tengjast formi og framkvæmd flutnings, og geta gagnrýnt af kunnáttu og á uppbyggilegan hátt mismunandi nálganir í spuna og hvers konar samspili.

Námsmat:

Miðlun: Verkefni, frammistaða í tímum, ástundun, frumkvæði og samvinna. Opinber flutningur á frumsömdu eða útsettu efni, sjálfsmatsskýrsla byggð á dagbók og jafningjamati.

Leiðtogafærni: Nánari lýsing væntanleg.

Spuni/samspil: Tónleikar, verkefnavinna og hlustunarpróf.

Umsjónarkennari: Gunnar Benediktsson

Kennarar: Ýmsir

ART AND IDENTITY

2 ECTS

Lýsing: Listir eiga stóran þátt í því að móta menningarlega og þjóðernislega sjálfsmynd. Því hefur verið haldið fram að listir endurspegli sjálfsmynd einstaklinga jafnt sem samfélaga. Í námskeiðinu verður leitast við að svara hvort það sé í raun satt og hvort listir geti og/eiga að vera notaðar til að móta eða endurmóta hugmyndina um einstaklinginn, samfélagið eða þjóðina.

Í námskeiðinu verður tvisvar farið á Þjóðminjasafn Íslands og nemendur mæta á fyrirlestra frá tónlistar-, myndlistar-, leiklistar og dans-, sem og hönnunar og arkitektúrdeild þar sem tekist verður á við efnið á margbreytilegan hátt. Nemendur mæta einnig á listviðburði að eigin vali sem þeir byggja verkefni sín á.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa innsýn inn í hvernig listir hafa verið nýttar í mótun menningarlegra og þjóðernislegara sjálfsmyndar Íslendinga,
- hafa þekkingu á ákveðnum íslenskum listamönnum og hönnuðum,
- hafa skilning á ákveðnum listviðburðum í menningarlegu og þjóðfélagslegu samhengi,
- geta tjáð sig skriflega og munnlega um listviðburði,
- geta greint listviðburði út frá þeim þáttum sem lagðir eru til grundavallar í námskeiðinu.

Námsmat: Málstofur, verkefni og ástundun.

Umsjónakennari: Páll Ragnar Pálsson

ENSK LÝSING:

Description: The arts play a large role in creating both a cultural and national identity. It has been stated that art is a reflection of the identity of an individual or a society. The module seeks to ask whether that is in fact the case and if the arts can and/or should be used to construct or reconstruct a notion of the individual, society, or nation?

During the module, students visit current events/exhibitions and attend lectures from the Departments of Theatre and Dance, Music, Fine Arts and Design and Architecture that approach the topic in various ways. Students also attend artistic productions of their own choice on which they base their assignments upon.

Learning outcomes: At the end of the course students should:

- have an insight into how the arts have been used in creating a cultural and national identity in Iceland,
- have knowledge of selected artists and designers,
- have an understanding of selected artistic productions in a cultural and national context,
- be able to communicate their thoughts on an artistic production both in written form and orally,
- be able to analyse an artistic production on the grounds of the material in the module.

Assessment methods: Projects, seminars and participation.

AUKAHLJÓÐFÆRI/SÖNGUR

2/4 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem klassískt hljóðfæra- eða söngnám. Áhersla er lögð á tækni, túlkun og þekkingu ýmsu tónlistarstíla, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismundandi tónlistarstíla,
- þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun.

Námsmat: Próf eða tónleikar.

Umsjónarkennari: Peter Máté

Kennarar: Ármann Helgason, Hilmar Jensson, Hlín Pétursdóttir, Kjartan Valdemarsson, Úlfar Ingi Haraldsson, Þóra Einarsdóttir, Kristinn Sigmundsson, Ólöf Kolbrún Harðardóttir

BLAÐLESTUR FYRIR BLÁSTURSHLJÓÐFÆRI

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í að lesa, tónflytja og greina verk fyrir blásturshljóðfæri, auk þess sem lögð er áhersla á kammerverk. Verkin eru greind samhliða lestrinum. Hljómsveitarpáttar frá mismunandi tímabilum tónlistarsögunnar eru fluttir.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa öðlast hæfni í að takast á við blásaratónlist frá mismunandi stíltímabilum tónlistarsögunnar með skömmum fyrirvara, m.a. einleiksverk, kammerverk og hljómsveitarpáttar,
- geta tónflutt einföld verk,
- hafa öðlast reynslu í hraða, nákvæmni og músíkölsku innsæi í blaðlestri.

Námsmat: Verklegt próf, frammistaða og virkni.

Kennari: Martial Nardeau

BLAÐLESTUR FYRIR GÍTAR I

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu þjálfast nemendur í að lesa, syngja, tónflytja og greina einleiksverk fyrir gítar. Lögð er áhersla á gítarsamspil og kammerverk. Samhliða lestrinum er áhersla lögð á greiningu verkanna og að virkja og þróa skilning nemandans á hljómfræði út frá eiginleikum gítarsins.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa öðlast reynslu í að takast á við verkefni í gítarleik frá mismunandi stíltímabilum,
- tónlistarsögunnar með skömmum fyrirvara, m.a. einleiksverk, samspilsverk, sönglög og kammerverk,
- geta tónflutt einföld gítarverk og parta,
- hafa öðlast hæfni í hraða, nákvæmni og músíkölsku innsæi í blaðlestri.

Námsmat: Verklegt próf, frammistaða og virkni.

Kennari: Svanur Vilbergsson

BLAÐLESTUR FYRIR PÍANÓ I

2 ECTS

Lýsing: Nemendur þjálfast í að lesa, syngja, tónflytja og greina einleiksverk fyrir píanó. Einnig er lögð áhersla á fjórhent verk, sönglög og kammerverk. Þá eru hljómsveitarpartar frá mismunandi tímabilum tónlistarsögunnar spilaðir. Lögð er áhersla á greiningu verkanna samhliða lestrinum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa öðlast reynslu í að takast á við verkefni í píanóleik frá mismunandi stíltímabilum tónlistarsögunnar með skömmum fyrirvara, m.a. einleiksverk, fjórhent verk, sönglög, kammerverk og hljómsveitarparta,
- geta tónflutt einföld píanóverk og parta,
- geta sungið af blaði ásamt því að leika píanópart á sama tíma, t.d. sönglög,
- hafa öðlast reynslu í hraða, nákvæmni og músíkölsku innsæi í blaðlestri.

Námsmat: Verklegt próf, frammistaða og virkni.

Kennari: Nína Margrét Grímsdóttir

BLAÐLESTUR FYRIR SÖNGVARA I

2 ECTS

Lýsing: Á námskeiðinu er lögð megin áhersla á að syngja brot úr aríum eftir Jóhann Sebastian Bach á nótnanöfnum án undirleiks. Aríurnar eru flokkaðar eftir því hversu langt er farið í fjarskyldar tóntegundir. Einnig eru sungin tveggja og þriggja radda kórlög eftir tónskáld frá endurreisnartímanum sem og eftir íslensk tónskáld. Þá eru taktdæmi æfð, bæði einradda og tveggjaradda.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta sungið einfalda aríu einn einir beint af blaði einfalda aríu,
- geta sungið tveggja – og þriggjaradda kórlög í hóp beint af blaði. sungið í hóp beint af blaði tveggja- og þriggjaradda kórlög,
- geta lesið létt tveggja radda taktdæmi beint af blaði.

Námsmat: Próf

Kennari: Gunnsteinn Ólafsson

BLÁSARABÓKMENNTIR

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu verður nemendum veitt innsýn í sögu blásturshljóðfæra og helstu tónverk blásarabókmenntana kynnt. Hlustunarþáttur verður að miklu leyti í höndum nemenda.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa kynnst helstu tónverkum blásarabókmenntanna frá 17. öld og fram á vora daga,
- þekkja og geta skilgreint helstu hugtök og stefnur blásarabókmenntanna,
- hafa grunnþekkingu á sögu blásturshljóðfæra,
- geta tjáð sig skriflega um námsefnið.

Námsmat: Verkefni og ástundun.

Kennari: NN

FLYTJANDINN

2 ECTS

Lýsing: Námskeiðið byggist á fyrirlestrum og umræðum í tengslum við þá. Nemandi fær tilsögn í því að koma fram, fræðist um rétta líkamsstöðu og beitingu mikilvægra vöðva. Hann fær einnig tilsögn í því hvernig hann getur losað sig við kæki og annan ávana. Fjallað er um streitu og kvíða og hvernig á að takast á við þætti sem tengjast hvoru tveggja. Jafnframt er kennt hvernig á að semja hefðbundna efnisskrá fyrir tónleika.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta sýnt sjálfstjórn og tekist á við álag tengt starfi tónlistarmanns,
- geta kynnt hugmyndir sínar á skilmerkilegan hátt,
- kunna að beita þeirri upplýsingatækni sem nýtist best í námi og starfi,
- hafa öðlast faglega meðvitund um líkamsbeitingu,
- hafa skilning og þekkingu á mikilvægi samfelldrar þjálfunar innan listgreinarinnar,
- hafa tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun sem nýtist í námi og/eða starfi,
- geta myndað tengsl við áheyrendur.

Námsmat: Virkni, skrifleg og verkleg verkefni.

Umsjónarkennari: Svava Bernharðsdóttir

Kennarar: Albert Eiríksson, Bergþór Pálsson, Gunnhildur Ottósdóttir, Kári Halldór Þórsson, Oddi Erlingsson, Pétur Jónasson, Sverrir Guðjónsson

GAGNVIRK TÓNLIST II

2 ECTS

Lýsing: Vinnustofa þar sem þróaður er hugbúnaður og/eða vélbúnaður fyrir gagnvirka tónlist og/eða mynd, annaðhvort innsetningar eða lifandi tónleika- eða dansverk.

Nemendur vinna að sjálfstæðum verkefnum með hjálp kennara. Þar þróa þeir hug- eða vélbúnað sem bregst við ytra áreiti í gegnum hljóðnema, vídeó eða hvers kyns skynjara og svarar með hljóð-, tón-, mynd- eða vélferlum í samhengi við það sem inn kemur.

Námskeiðið er ekki takmarkað við tónlist og má vel hugsa sér að það eigi erindi við t.d. myndlistar- eða dansnemendur. Hug- og vélbúnaður er frjáls en algengast er að notast sé við Max/MSP, PD og/eða Arduino.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa góða færni í að setja saman og vinna með gagnvirk tónlistar- eða myndferli, með tölvum eða öðrum tækjum,
- hafa góða færni í að mynda hljóð og/eða stjórna því í rauntíma,
- hafa góða færni í að vinna með skynjara og hvers kyns stjórnþæki,
- geta fullgert fjölþætt tónverk í gagnvirku umhverfi til flutnings á tónleikum eða innsetningum með öðrum miðlum, svo sem danslist, myndlist eða nýjum leiðum í listmiðlun.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og lokaverkefni.

Kennari: Jesper Pedersen

HLJÓÐFÆRAFRÆÐI I – ALMENN HLJÓÐFÆRAFRÆÐI 4 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu eru kynntir helstu flokkar hljóðfæra sem mynda hina hefðbundnu símfóníuhljómsveit. Farið er yfir helstu grunnatriði í tengslum við ritun fyrir mismunandi hljóðfæri, uppsetningu raddskráa og frágangs radda fyrir einstök hljóðfæri. Skoðuð verða verk frá mismunandi tímabilum til að skoða samhengi. spilatækni, útfærslur og notkun á helstu hljóðfæratagundum hljómsveitarinnar. Verklegar æfingar eru unnar með jöfnu millibili yfir námstímam þar sem reynir á fræðilega þekkingu og getu til að skrifa fyrir einstök hljóðfæri.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja helstu hljóðfæratagundir símfóníuhljómsveitar og hafa yfirsýn yfir notkun mismunandi hljóðfæra á mismunandi stíltímabilum,
- hafa fræðilega grunnþekkingu á eðli hljóðfæratagundanna,
- hafa þekkingu á veigamiklum hugtökum og atriðum sem tengjast raddskráruppsetningu, partagerð og frágangi leiktækni og túlkunaratriða,
- hafa grunnþekkingu á ritun fyrir einstök hljóðfæri og kunna skil á fjölbreytilegri spilatækni og rithætti fyrir hinar ýmsu hljóðfæratagundir,
- hafa leikni til að gera vel útfærðar og sannfærandi stúdíur/smáverk fyrir einstakar hljóðfæragerðir.

Námsmat: Byggir á 5 einstaklings verkefnum.

Kennari: Úlfar Ingi Haraldsson

HLJÓÐFÆRAFRÆÐI III – MÁLMBLÁSARAR 4 ECTS

Lýsing: Kennnd verða undirstöðuatriði útsetninga fyrir málmblásara, jafnt einleikshljóðfæri sem stærri samspilshópa.. Jafnframt verður saga málmblásara í hljómsveitarsögunni kynnt.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- þekkja eiginleika og tónflutning algengustu málmblásturshljóðfæranna: Horns, trompets, básúnu og túbu ásamt algengustu afbrigðum þeirra,
- hafa færni til að semja og/eða útsetja tónlist fyrir mismunandi samsetningar málmblásarahópa.

Námsmat: Skrifleg verkefni.

Kennari: Ingi Garðar Erlendsson

HLJÓÐFÆRAFRÆÐI V – SLAGVERKIÐ 2 ECTS

Lýsing: Farið verður yfir slagverkshljóðfæri með sérstöku tilliti til þess hvernig er skrifað fyrir þau og hvernig hljóðfæri þessa stóra flokks hljóðfæra hljóma í ólíkum samsetningum. Grunnþækni hinna ýmsu hljóðfærahópa er kynnt, svo og þróun hljóðfæranna og slegla.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- þekkja slagverkshljóðfæri með tilliti til tegundar og flokka,
- kunna algengustu nótnaritun fyrir hina margvíslegu flokka slagverkshljóðfæra,
- geta skrifað fyrir ásláttarhljóðfæri og hafa innsýn í þá möguleika sem þau gefa í tónsmíðum.

Námsmat: Ástundun og verkefni, munnleg og skrifleg.

Kennari: Áskell Másson

HLJÓÐFÆRAFRÆÐI VI – MANNSRÖDDIN

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu heldur kennari fyrirlestra um eiginleika mannsraddarinnar, ólíkar raddtegundir og margvíslega möguleika þeirra. Fjallað verður um margháttaða möguleika fjölröddunar og ólíkar tegundir kóra. Í námskeiðinu er kennd undirstaða þess að semja tónlist fyrir raddir og hvað skal helst varast.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja grundvallaratriði þess að semja tónlist fyrir mannsröddina,
- þekkja einkenni ólíkra raddtegunda,
- hafa færni til þess að skrifa fyrir einsöngsrödd,
- hæfni til þess að útsetja fjölradda verk.

Námsmat: Skrifleg verkefni og virkni.

Kennari: Áskell Másson

HLJÓÐFÆRI/SÖNGUR I, III og V SKAPANDI TÓNLISTARMÍÐLUN

4 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem nokkuð hefðbundið hljóðfæra- eða söngnám. Nemandi og kennari móta sér þó stefnu í upphafi hvorrar annar og ákveða hvort áhersla er lögð á tækniframfarir, tónleikahald, hagnýta nálgun eða annað.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á einstaklingsbundinn hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnir.

Námsmat: Nemandi og kennari setja sér í sameiningu markmið í upphafi hvorrar annar. Námsmat er byggt á hversu vel þau markmið nást.

Umsjónarkennari: Gunnar Benediktsson

Kennarar: Ýmsir

HLJÓÐHÖNNUN I

4 ECTS

Lýsing: Á námskeiðinu er farið í undirstöðuatriði hljóðhönnunar; unnið með raf- og umhverfishljóð í stafrænu umhverfi. Farið er yfir helstu þætti stafrænnar hljóðmyndunar og hljóðvinnslu og nemendum kynnt hvernig stafrænt hljóðver er uppbyggt.

Farið er, með fyrirlestrum og sýnikennslu, í grundvallaratriði þeirra fræðigreina sem að gagni koma við raftónlistargerð. Þar má nefna inngangsfraði stafræns hljóðs, hljóðskynjunarfraði (Psychoacoustics), hljóðeðlisfraði (Acoustics) og hljóðmyndunar- og meðhöndlunarfraði (Music Synthesis og Signal Processing). Námið byggist á fyrirlestrum og sýnikennslu, auk sjálfstæðrar verkefnavinnu nemenda.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- kunna undirstöðuatriði hljóðvinnslu- og hljóðmyndunartækni,
- hafa færni til þess að vinna í stafrænu hljóðumhverfi,
- geta unnið í stafrænu hljóðveri,
- kunna skil á helstu hugtökum og fyrirbærum hljóðs og hvernig maðurinn upplifir það
- kunna skil á nokkrum algengustu hljóðmyndunaraðferðum,
- vera færir um að afla heimilda á sviði hljóðfræði,
- vera færir um að tjá sig skriflega og munnlega um hljóðfræði.

Námsmat: Tvær stuttar tónsmíðar í lok námskeiðs. Tvær ritgerðir í lok námskeiðs, u.þ.b. 2000 orð hvor.

Kennarar: Ríkharður H. Friðriksson, Jesper Pedersen

HLJÓÐUPPTÖKUR II

2 ECTS

Lýsing: Nemendur kynnast hljóðveri og tækjum þess. Kynntar eru aðferðir við akústískar upptök og hljóðvinnslu í tölvu þar sem ProTools-hljóðvinnslukerfið er helsta verkfærið.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa ágætis þekkingu hljóðverum,
- hafa góðan skilning á upptökutækjum,
- geta gert hljóðupptökur.

Námsmat: Virkni

Kennari: Sveinn Kjartansson

HLJÓMBORÐSLEIKUR FYRIR PÍANÓNEMENDUR 2 ECTS

Lýsing: Kennnd verða undirstöðuatriði orgel- eða semballeiks eftir vali nemandans. Einnig er hægt að velja hagnýtan hljómborðsleik til að þjálfra hljómborðsleik eftir eyra, læra á bókstafshljóma, útsetningar og spuna.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja sérkenni systrahljóðfæra píanósins,
- hafa náð undirstöðu orgel-, sembal- eða hljómborðsleiks.

Námsmat: Ástundun

Kennarar: Kjartan Valdemarsson, Guðný Einarsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir

HLJÓMSVEITARLEIKUR

2 ECTS

Lýsing: Nemendur lesa í gegnum og læra raddir í stórum sinfónískum verkum undir leiðsögn kennara. Verkin eru miðuð við tímasetningar verka á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Nemendur mæta á æfingar þegar verkin verða æfð auk þess að mæta á tónleikana. Nemendur skrifa síðan stutta ritgerð um verkefnið. Einnig verður farið í blaðlestur á erfiðum og þekktum hljómsveitarúrdráttum. Kennnt verður í tveggja til 10 manna hóp.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs á nemandi að:

- hafa leikni til þess að takast á við hljómsveitarraddir af mismunandi toga af nákvæmni og hraða,

- hafa hæfni til þess að leika hljómsveitarraddir af músíkölsku innsæi
- hafa þekkingu á hefðbundinni efnsskrá sinfóníuhljómsveitar.

Námsmat: Ástundun og ritgerð.

Kennari: Guðný Guðmundsdóttir

HLJÓMSVEITARSTJÓRN

4 ECTS

Lýsing: Á námskeiðinu er megináhersla lögð á að þjálfá mismunandi taktslag og bregðast við ólíkum aðstæðum í ólíkum raddskrá. Nemendur læra að greina raddskrár og merkja inn í þær. Þeir kynna aðferðum til að læra verk utanbókar og hvernig mismunandi stílbrigði kalla á ólíkar aðferðir við að stjórna.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja helstu hljóðfæri hefðbundinnar sinfóníuhljómsveitar,
- kunna að nota sprota, stjórna í algengustu takttegundum og gera fermötur,
- kunna að greina hljómsveitarraddskrá,
- kunna að setja inn merkingar sem auðvelda hljómsveitarstjóra að flytja viðkomandi verk,
- búa yfir færni til þess að þekkja, læra utan að og vinna með tónlist eftir nótum og hlustun,
- geta verið jöfnum höndum leiðandi og fylgjandi í hópvinnu,
- hafa skilning á mismunandi stílum.

Námsmat: Í lok námskeiðs þreyta nemendur próf með því að stjórna hluta af sinfónísku verki við píanóundirleik.

Kennari: Gunnsteinn Ólafsson

ÍSLENSK TÓNLISTARSAGA 20. og 21. aldar

4 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu verður farið yfir íslenska tónlistarsögu frá upphafi 20. aldar og fram til nútímans. Elstu verk sem kynnt verða eru frá því um 1920, nýjustu verkin eru samtímaverk. Fjallað verður um tónskáld og íslenskt tónlistarlíf aldarinnar; erlenda tónlistarmenn sem settust að á Íslandi og þau áhrif sem þeir höfðu á íslenskt tónlistarlíf;

tilurð módernisma í íslenskri tónlist; þjóðlega tónlist sem uppsprettu tónsköpunar; tónsköpun á 21. öld, raftónlist og þróun hennar, „krossover“ síðustu ára o.s.frv.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- þekkja sögu íslenskrar tónlistar frá upphafi 20. aldar og fram á okkar daga,
- þekkja helstu tónskáld tímabilsins og helstu tónverk þeirra,
- þekkja helstu atburði Íslandssögunnar sem höfðu áhrif á tónlistarsöguna,
- þekkja til þeirra erlendu tónlistarmanna sem hingað fluttust á fyrri hluta 20. aldar og skilja hvaða áhrif þeir höfðu á íslenskt tónlistarlíf,
- þekkja tónlistarsögu tímabilsins að öðru leyti, t.d. tilurð og sögu tónlistarskóla, tónlistarfélaga og hljómsveita.

Námsmat: Próf, verkefni og fyrirlestrar.

Kennari: Ingibjörg Eyþórsdóttir

JAZZ HLJÓMFRÆÐI

4 ECTS

Lýsing: Lögð er áhersla á algengustu hugtök jazzhljómfræðinnar; bókstafshljómatákn og heimahljómar í dúr og moll. Nemendur kynnst algengum aukahljómunum (aukaforhljómar, framlengdir forhljómar, II-V sambönd). Þá verður einnig fjallað um tengsl hljóma og tónstiga, spennur og laglínugreiningu.

Þá verður einnig kynnt forhljómar með sérhlutverk, SubV7 hljómar, krómatísk II-V sambönd, endurhljómsetning með “Hybrid”hljómunum, hljómfræði “Modal”-jazztónlistar. Hlustað verður á jazztónlist og staldrað við þá þætti flutningsins sem tengjast sem best hljómfræðiatríðum og stílum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja helstu grundvallarhugtök jazzhljómfræðinnar,
- hafa hæfni til þess að hagnýta notkun jazzhljómfræði til spuna,
- hafa leikni til þess að útfæra helstu skala og hljóma á hljóðfæri,
- þekkja helstu stefnur í jazztónlist frá upphafi með t.t. hljómfræðiatríða,

Námsmat: Verklegt og skriflegt próf, tímaverkefni.

Kennari: Gunnar Hrafnsson

KAMMERTÓNLIST

2 ECTS

Lýsing: Námskeið í kammertónlist felst einkum í að þróa og þjálfra hæfileika nemenda til samleiks og samvinnu í smærri eða stærri kammerhópum. Þeim eru kynnt ólík viðfangsefni frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar þar sem ólíkir stílar og hljóðfærasamsetningar koma við sögu. Í þessu samhengi gefst nemendum tækifæri til að taka þátt í tónlistarflutningi með fleiri tónlistarmönnum. Hópvinnna af þessu tagi krefst ekki einungis leikni á viðkomandi hljóðfæri heldur og einlægs vilja til samvinnu og samábyrgðar. Mikilvægt er að hópar skipuleggi fasta æfingatíma strax í upphafi námskeiðs.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa aukið hæfni sína í samspili og samvinnu,
- hafa öðlast meiri þekkingu á þeim stílbrigðum sem viðkomandi verkefni kalla
- hafa þróað betur með sér hæfni til að skynja blæbrigði, samhljóm, samstillingu og hljóðfall í kammerhópnum,
- hafa fengið innsýn í og skilning á sérkennum hinna margvíslegu samspilshljóðfæra, tæknilega og músíkalskt,
- hafa innsæi í og skilning á mismunandi hlutverkum í samleik og geta verið jöfnum höndum leiðandi og fylgjandi,
- hafa fengið þjálfun í skapandi, náinni samvinnu við aðra þar sem reynir á virðingu, næmi, umburðarlyndi, ábyrgð og leiðandi hæfileika,
- hafa reynslu í að koma fram opinberlega á tónleikum.

Námsmat: Ástundun og tónleikar.

Umsjónarkennari: Svava Bernharðsdóttir

Kennari: Ýmsir

KÓRSTJÓRN I, III og V

4 ECTS

Lýsing: Farið er dýpra í mótun og túlkun kórverka frá mismunandi tímabilum. Áhersla er á yfirferð á kórefni í mismunandi stíltegundum, sem nemendur öðlast æfingu í að stjórna. Farið er í uppbyggingu kóræfinga og raddmótun.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs á nemandi að:

- geta slegið allar nauðsynlegar takttegundir með skýru taktföstu slagi,
- hafa vald á fjölbreyttum túlkunarmöguleikum taktslags og á sjálfstæðri notkun handanna við túlkun kórverka,
- hafa þekkingu á raddþjálfun í kórstarfi,
- geta stjórnað gregorskum messusöngvum, fjögurra til sex radda mótettum og fjögurra radda pólýfónískum messuþáttum,
- hafa þekkingu og færni í góðri skipulagningu og stjórn kóræfinga.

Námsmat: Próf, símat.

Kennari: Kennt hjá Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

LEIKTÚLKUN I

2 ECTS

Lýsing: Á þessu námskeiði munu nemendur hlusta á fyrirlestra um tæknileg hugtök sem varða vinnu í Kerfi Gerðarlegar Greiningar og Kerfi Líkamlegra Gerða. Þessi hugtök öðlast svo líf í verklegum æfingum. Unnið er ú frá fyrirlestrum og skriflegum heimaverkefnum. Greiningu leikrita og hugtök eðli þessarra tveggja kerfa sett í samhengi við praktískar útfærslu. Hvorki er unnið með texta né lög. Hér nota nemendur eigið líf og eigin orð. Mikilvægt er að nemendur nái tökum á hugtökum og fræðilegum grundvelli Kerfisins.

Gerðar eru æfingar með það að markmiði að þjálfra samsömunarhæfni nemandans og vekja nemandann til meðvitundar um óþvingaða sviðstilveru.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa tæknilega færni til þess að leysa úr læðingi skapandi krafta listamannsins.
- vera meðvitaðaður um eigin sköpunargáfu
- hafa óþvingaða nærveru á sviði.
- geta gert hið meðvitaðaða ómeðvitað.
- hafa færni og skilning til þessa að vinna með hið persónulega í listrænu opinberu samhengi.
- hafa samsömunarhæfni.
- hafi þekkingu á mikilvægum þáttum í sviðtilverunni svo sem gerðir, ásetning, hindranir og herbrögð.

Námsmat: Virkni.

Kennari: Stefán Hallur Stefánsson

LITÚRGÍSKUR ORGELLEIKUR I, III og V

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er farið yfir orgelleik við kirkjulegar athafnir og guðsþjónustur. Nemendur öðlast þekkingu á messuforminu og kirkjuárinu, og þjálfast í að leika undir og leiða almennan safnaðarsöng. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti samið eða leikið af fingrum fram stutt sálmaforspil og að þeir þjálfist í tónflutningi. Miðað er við að nemendur fái eina klukkustund á viku.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs á nemandi að:

- geta leikið sálmalög íslensku sálmaþókarinnar af öryggi og á mismunandi hátt m.a. á tvö hljómborð og fótspil,
- hafa færni í hljómsetningu sálmalaga og geti spunnið stutt og einföld sálmaforspil,
- hafa þekkingu á messuforminu og sálmaðali með tilliti til kirkjuársins,
- geta útbúið sálmaforspil.

Námsmat: Próf, símat.

Kennari: Kennt hjá Tónskóla Þjóðkirkjunnar

LOKARITGERÐ

4 ECTS

Lýsing: Lokaritgerð til BA-prófs við Listaháskóla Íslands er 4 einingar. Henni er ætlað að styrkja fræðilegan grunn nemenda og sýna fram á hæfni þeirra til að fjalla um einstaka þætti listsköpunar sinnar út frá fræðilegum forsendum. Í ritgerðinni endurpeglast kunnátta nemenda í að beita kenningum og fræðilegum hugtökum, auk þess að fjalla um listir og hönnun á gagnrýninn hátt, ýmist út frá fagurfræðilegum, samfélagslegum, sögulegum, menningarlegum eða siðferðislegum forsendum. Æskilegt er að ritgerðin tengist listsköpunar- eða hönnunarstarfi nemandans og lokaverkefni, þar sem það á við. Þannig verður fræðilegur grunnur lokaverks, ítarleg könnun á einstökum fagurfræðilegum, tæknilegum eða hugmyndafræðilegum þáttum innan áhugasviðs viðkomandi, og styður þannig við verkefni nemandans. Í öðrum tilvikum fjalla

nemendur um hver þau viðfangsefni er tengjast fagi þeirra, án beinnar tengingar við eigin verkefni.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta nýtt þekkingu sína til fræðilegrar iðju,
- geta sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknaniðurstöðum í rituðu máli,
- kunna að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni,
- geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem nýttar eru í tónlist,
- hafa færni til að beita gagnrýnni nálgun við greiningu viðfangsefna,
- hafa tileinkað sér gagnrýna sýn á eigin verk og annarra,
- þekkja kenningar, hugtök og aðferðafræði tónlistar.

Námsmat: Ritgerð.

Umsjónarkennari: Þorbjörg Daphne Hall

Leiðbeinendur: Ýmsir

ORGEL I, III og V

4 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið klassískt hljóðfæranám. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfa nemanda.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismunandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á sjálfstæðan hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnir,
- geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Virkni og tónleikar.

Umsjónarkennari: Björn Steinar Sólbergsson

Kennarar: Björn Steinar Sólbergsson og Guðný Einarsdóttir

ORGELFRÆÐI I

2 ECTS

Lýsing: Megináhersla námskeiðs er að kynna nemendum helstu einkenni og uppbyggingu orgelsins, nemendur kynnst sögu orgela síðustu 600 ár. Einnig verður gerð grein fyrir mögulegu bilunum orgelsins ásamt aðferðum við að gera við einfaldar bilanir.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa undirstöðuþekkingu á uppbyggingu orgelsins,
- þekkja sögu hljóðfærisins,
- geta gert bilanagreiningu ásamt því að gera við einfaldar bilanir.

Námsmat: Próf, virkni.

Kennari: NN

PÍANÓBÓKMENNTIR I

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er farið í lykilverk helstu tónskálda í píanóbókmenntasögu.

Hlustað er á verk eftir J.S. Bach, Mozart, Beethoven, Schubert, Mendelssohn, Schumann, Chopin, Liszt, Brahms, Debussy, Ravel, Rachmaninoff, Prokofiev, Scriabin, Shostakovich og Bartók í flutningi ýmissa píanóleikara og túlkun þeirra skoðuð. Farið er í helstu stíla, stefnur og flutningshefð tímabilsins.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- þekkja helstu verk píanóbókmenntasögu,
- þekkja og geta skilgreint hugtök yfir helstu stíla og stefnur píanóbókmenntasögu,
- hafa hæfni til að taka þátt í umræðum út frá les- og hlustunarefni,
- hafa grunnþekkingu á flutningsmáta helstu verka píanóbókmenntasögu og nokkra getu til að flytja þau,
- geta tjáð sig skriflega um námsefnið.

Námsmat: Skriflegt próf, vinnubók, kynning og virkni.

Kennari: Nína Margrét Grímsdóttir

RAFTÓNLISTARSAGA I

2 ECTS

Lýsing: Rakin verður saga raf- og tölvutónlistar þar sem kynntar verða helstu stefnur og straumar á því sviði og helstu tónskáld og tónverk sem þar koma við sögu. Í

Raftónlistarsögu I verður farið yfir tímabilið fyrir tíma tölvunnar, þ.e. til u.þ.b. 1975.

Ekki verður farið djúpt í tónfræði- eða tækniatriði þannig að þetta námskeið getur vel nýst nemendum úr öðrum deildum en tónlistardeild.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- kunna skil á sögu raftónlistar frá upphafi til um 1975,
- þekkja helstu tónskáld, tónverk, strauma, stefnur og aðferðafræði,
- geta í rituðu máli gert úttekt á helstu þáttum raftónlistar m.t.t. tækni, tímabila og helstu áhrifavalda.

Námsmat: Ritgerð og virkni.

Kennari: Ríkharður H Friðriksson

SAGA OG AÐFERÐARFRÆÐI

4 ECTS

KVIKMYNDATÓNLISTAR

Lýsing: Farið er yfir hugtök, aðferðir og sögu kvikmyndatónlistar. Fjallað er um nokkur helstu kvikmyndatónskáld sögunnar og verk þeirra skoðuð. Heimavinna felst í því að horfa á kvikmyndir og mynda sér skoðun á notkun tónlistar í þeim.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðisins eiga nemendur að:

- hafa innsýn í heim kvikmyndatónlistar og geta nýtt sér þekkingu til sköpunar á því sviði,
- þekkja hugtök, aðferðir og sögu kvikmyndatónlistar, geta útskýrt og sett í samhengi við viðfangsefni í skriflegu verkefni.

Námsmat: Mæting og ástundun, lokaverkefni eða ritgerð (3000 orð). **Kennsluaðferð:**

Fyrirlestrar og umræður

Kennarar: Hilmar Örn Hilmarsson og Kjartan Kjartansson

SÁLMA- OG HELGISIÐAFRÆÐI I og III

4 ECTS

Lýsing: Rakin er saga kirkjusöngs og helgisiða frá tíma frumkirkjunnar og fram yfir siðbreytingu.

Áhersla er lögð á þrjá megin þætti:

1. Arfleifð frá Gyðingum, áhrif helgisiða þeirra, trúarkveðskaps og tónlistar á guðsþjónustuhald frumkirkjunnar, 2. Kirkjusöng frumkirkju og miðalda, þar á meðal hymnakveðskap og Gregorssöng, 3. Breyting á helgisiðum og kirkjusöng við siðbreytingu.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa öðlast skilning og þekkingu á þróun guðsþjónustuhalds og kirkjusöngs frá upphafi kirkju og fram að siðbót.

Námsmat: Verkefni og próf.

Kennari: Kennt hjá Tónskóla Þjóðkirkjunnar

SAMTAL

2 ECTS

Lýsing: Sameiginlegt námskeið allra deilda Listaháskóla Íslands þar sem nemendur starfa í blönduðum hópum innan sama ramma. Á tímabilinu vinna hóparnir að samsetningu verka eða uppákoma þar sem samþætting ólíkra hugmynda og aðferða er höfð að leiðarljósi. Fram fara umræður og haldnir verða fyrirlestrar sem tengjast námsefninu og leiðbeinendur leggja línurnar við úrvinnslu og framsetningu verkefna. Leitast verður við að kanna hverjir möguleikar mismunandi listgreina eru, þegar samtal verður á milli þeirra, út frá einu sameiginlegu þema/verkefni.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- vera meðvitaðir um snertifleti á milli ólíkra listforma og geta nýtt sér hana með skapandi hætti,
- geta miðlað af eigin þekkingu og reynslu til samstarfsfólks úr öðrum greinum,
- kunna að beita viðeigandi aðferðum í samsköpunarferli,
- hafa þróað með sér víðsýni í vinnu og samstarfi,

- hafa öðlast færni til þess að nýta sér sameiginlega reynslu nemenda við listrænar útfærslur.

Námsmat: Símat, verkefni.

Kennarar: Ýmsir

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT/ KAMMERSVEIT

2 ECTS

Lýsing: Á námskeiðunum eru nemendur þjálfaðir í að spila í símfóníuhljómsveit og kammersveit. Nemendur taka þátt í starfi símfóníuhljómsveita eða kammersveita að eigin frumkvæði, innanlands og/eða erlendis, samtals 6 verkefni á námsferli. Nemandi fær samþykki fagstjóra fyrir vali á hljómsveitarverkefni (t.d. Ungsveit Símfóníuhljómsveitar Íslands, Orkester Norden, SNOA: Swedish National Orchestra Academy í Gautaborg, Ungfónía, Símfóníuhljómsveit Norðurlands, HTR: Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík og Símfóníuhljómsveit áhugamanna).

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- kunna vel sína hljómsveitarparta,
- þekkja verkin vel og sína rödd innan þeirra,
- vera meðvitaðir um sinn hljóðfærahóp og falla vel inn í hann,
- fylgja vel slagi hljómsveitarstjóra og þar sem við á leiðara síns hljóðfærahóps,
- sýna leiðtogafærni þar sem við á,
- sýna færni í að merkja og tileinka sér leiðbeiningar leiðara og hljómsveitarstjóra og koma þeim áfram,
- hafa flutt verkin á tónleikum.

Námsmat: Símat, virkni.

Kennari: Ýmsir

SKÓLALÚÐRASVEIT II

4 ECTS

Lýsing: Námskeiðið fer fram innan veggja skólalúðrasveitar þar sem nemandinn verður í hlutverki aðstoðarkennara í eina önn og kynnist starfi hljómsveitarinnar með virkri þátttöku.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa góða þekkingu á innra starfi skólalúðrasveita,
- hafa fengið nokkra þjálfun í hljómsveitarstjórn,
- hafa komið að skipulagningu og undirbúningi viðburða hjá skólalúðrasveit,
- hafa stjórnað skólalúðrasveit opinberlega.

Námsmat: Ástundun og verkefni.

Kennarar: NN

STARF TÓNLISTARKENningarANS

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu verður nemendum veitt nytsöm innsýn í helstu starfsþætti tónlistarkennarans; kennslu og samskipti við nemendur og foreldra.

Hæfniviðmið: í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa skilning og þekkingu á helstu hlutverkum tónlistarkennarans,
- hafi þekkingu á hvernig undibúa skal kennslu og gerð námsáætlana,
- hafi kunnáttu í að velja og meta kennsluaðferðir, námsefni og námsmat með tilliti til mismunandi hæfileika nemenda.

Námsmat: Verkefni.

Kennari: NN

STARFSUMHVERFI TÓNLISTAR I

2 ECTS

Lýsing: Nemendur kynnast starfsumhverfi tónlistarmannsins og fá innsýn inn í áskoranir og tækifæri sem slíkt starf ber með sér. Nemendur kynnast grunnatriðum í teymisvinnu og einyrkjarekstri og fá þjálfun í framsögn. Gestafyrirlesarar segja frá eigin verkefnum og aðferðum við mótun hugmynda út frá hinum ýmsu sjónarhornum. Hagaðilar tónlistarlífs kynna starfsemi sína.

Hæfniviðmið: í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja starfsumhverfi tónlistarmanna.
- hafa öðlast innsæi og skilning til þess að nálgast miðlun tónlistar á einstaklingsbundinn hátt.

- geta mótað hugmyndir út frá listrænum, hagrænum, samfélagslegum og einstaklingsmiðuðum forsendum,
- geta kynnt og rökstutt hugmyndir sínar út frá fræðilegum og listrænum forsendum.

Námsmat: Skrifleg og munnleg verkefni.

Umsjónarkennari: Þorgerður Edda Hall

Kennarar: Ýmsir

STARFSUMHVERFI TÓNLISTAR II

4 ECTS

Lýsing: Nemendur kynnast grunnatriðum í verkefnastjórnun og fá þjálfun í textagerð, fjármögnun og gerð umsókna og kostnaðaráætlana. Nemendur þróa eigin verkefnahugmynd, læra að nýta helstu verkefnastjórnunartól og fá innsýn í markaðs- og kynningaráætlanagerð. Hagaðilar tónlistarlífs kynna starfsemi sína.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- búa yfir hæfni til þess að skipuleggja og vinna að sameiginlegum verkefnum,
- þekkja starfsumhverfi tónlistarmanna, þ.m.t. réttindi höfunda og flytjenda
- geta sett fram listræna hugmynd, þróað hana og skilað af sér bæði í rituðu máli og framkvæmd.

Námsmat: Skrifleg verkefni og verkleg framkvæmd.

Umsjónarkennari: Þorgerður Edda Hall

Kennarar: Ýmsir

SÖNGUR I, III og V

2 ECTS

Lýsing: Söngkennslan er hún miðuð við hlutverk organista sem forsöngvara og kórstjóra. Áhersla er lögð á samsöng og að nemandi öðlist þá þekkingu á raddbeitingu og hljómmyndun sem nýtist við tilsögn og raddmótun kóra. Meginþættir kennslunnar eru: raddbeiting, raddþjálfun, söngkennsla og kennslufræði. Áhersla er einnig lögð á líffræði raddarinnar og eðlilega beitingu líkamans.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- kunna skil á raddbeitingu og hljómmyndun sem nýtist við tilsögn kóra,
- kunna skil á hlutverki organistans sem forsöngvara við helgihald.

Námsmat: Umsögn og próf. Nemendur fá umsögn frá kennara í lok hverrar annar fyrir frammistöðu og ástundun. Nemendur taka árspróf eftir hvern vetur, þar sem þeir syngja tvö ólík lög og svara spurningum prófdómara. Prófdómari leggur mat á þróun raddar og þekkingu á notkun hennar.

Kennari: Kennt hjá Tónskóla Þjóðkirkjunnar

SUÐUR-AMERÍSK ÞJÓÐLAGATÓNLIST 2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er farið yfir þær landfræðilegu, sögulegu og menningarlegu forsendur sem hafa mótað helstu tónlistarstefnur og stíla í þjóðlagatónlist í löndum Suður - Ameríku sem og helstu einkenni þeirra. Brugðið verði ljósi á þær aðstæður sem hafa mótað helstu tónlistarstefnur í suðuramerískri þjóðlagatónlist. Farið verður yfir hvernig suðuramerísk þjóðlagatónlist endurspeglar og blandar saman einkennum frá þremur mismunandi menningarheimum sem hafa þróast í heildstæðan menningararf: úr indíánamenningu, afrískri og evrópskri menningu. Leitast verður við að kynna helstu stíla og stefnur, sem og greina helstu einkenni þeirra, bæði í hverju landi fyrir sig og á stærri landfræðilegum svæðum. Hlustun er einn meginþáttur kennslunnar.

Hæfnimiðvið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja og geta útskýrt þær landfræðilegu, sögulegu og menningarlegu forsendur sem hafa mótað helstu tónlistarstefnur og stílgerðir í þjóðlagatónlist suðuramerískra landa,
- þekkja og geta skilgreint einkenni helstu stíla og stefna í suðuramerískri þjóðlagatónlist, þar á meðal landfræðilegan og menningarlegan uppruna þeirra,
- þekkja og geta greint (í sjón / við hlustun / við notkun) helstu suðuramerísk hljóðfæri og kunna skil á notkun þeirra,
- þekkja helstu ryðmísk, lagræn og hljómfraðileg einkenni suðuramerískra tónlistarstíla og geta greint á milli stíla og upprunalanda,
- hafa hæfni til þess að undirbúa og stýra umræðum út frá les- og hlustunarefni,
- hafa grunnetu og -þekkingu á flutningsmáta helstu stíla suðuramerískrar þjóðlagatónlistar út frá eigin reynslu.

Námsmat: Próf, verkefni, málstofur, vinnustofur og hugsanlega óformlegir tónleikar.

Kennari: Andres Ramon

TÓNBÓKMENNTIR I

5 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er farið yfir helstu strauma og stefnur í tónsköpun á miðöldum og á endurreisnartímabilinu. Kennsla fer að mestu fram í fyrirlestrum þar sem leitast verður við að bregða ljósi á sögulegt umhverfi, fagurfræði og tónsmíðaaðferðir á hverjum tíma fyrir sig. Einnig æfa nemendur upp stutt samleiks- eða samsöngsverk frá tímabilinu, gjarnan í smærri hópum, og fá leiðsögn um stíl og túlkun. Verklegi hlutinn styður við og dýpkar skilning á aðferðafræði, stíl og sögu tónlistarinnar og gefur nemendum annað sjónarhorn við að kynnast tónbókmenntunum. Verklega hlutanum lýkur með óformlegum tónleikum eða heimsókn þar sem aðrir fá að njóta afrakstursins.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- þekkja tónbókmenntir miðalda og endurreisnar og geta sett þær í samhengi við helstu menningarsögulegu viðburði þess tíma,
- þekkja og geta skilgreint hugtök yfir helstu stíla og stefnur miðalda- og endurreisnartónlistar,
- þekkja aðferðir við tónlistarfræðileg skrif,
- hafa hæfni til þess að undirbúa og stýra umræðum út frá les- og hlustunarefni,
- hafa leikni til þess að beita tónlistarfræðilegum aðferðum í umfjöllun og greiningu viðfangsefna,
- búa yfir grunnetu og -þekkingu á flutningsmáta miðalda- og endurreisnartónlistar út frá eigin reynslu,
- geta tjáð sig munnlega og skriflega um námsefnið,
- kunna að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni,
- geta sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknaniðurstöðum í töluðu og rituðu máli.

Námsmat: Próf, verkefni, málstofur, vinnustofur og óformlegir tónleikar.

Umsjónakennari: Þorbjörg Daphne Hall

Kennarar: Árni Heimir Ingólfsson, Sigurður Halldórsson, Þorbjörg Daphne Hall

TÓNÞÓKMEÞNTIR III

5 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er farið yfir helstu strauma og stefnur í tónsköpun rómantíska tímabilsins og fram til upphafs 20. aldar. Kennsla fer að mestu fram í fyrirlestrum þar sem leitast verður við að bregða ljósi á sögulegt umhverfi, fagurfræði og tónsmíðaaðferðir á hverjum tíma fyrir sig. Nemendur þjálfast einnig í akademískri vinnu.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- þekkja tónþókmenntir rómantíska tímabilsins og fram til upphafs 20. aldar og geta sett þær í samhengi við helstu menningarsögulegu viðburði þess tíma,
- þekkja og geta skilgreint hugtök yfir helstu stíla og stefnur tónlistar rómantíska tímabilsins og fram til upphafs 20. aldar,
- þekkja aðferðir við tónlistarfræðileg skrif,
- hafa hæfni til þess að undirbúa og stýra umræðum út frá les- og hlustunarefni,
- hafa leikni til þess að beita tónlistarfræðilegum aðferðum í umfjöllun og greiningu viðfangsefna,
- kunna að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni,
- geta sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknaniðurstöðum í töluðu og rituðu máli.

Námsmat: Próf, verkefni, málstofur.

Umsjónakennari: Þorbjörg Daphne Hall

Kennarar: Árni Heimir Ingólfsson, Þorbjörg Daphne Hall

TÓNFRÆÐI I

5 ECTS

Lýsing: Kennnd er hljómfraði barokktímabilsins eins og hún birtist í verkum J. S. Bach. Einnig eru kennd atriði varðandi hendingaskipan og niðurlög ásamt meðferð hljómfraðandi tóna. Greindar eru hljómsætningar á sálmalögum J. S. Bach og kenndar eru undirstöður raddsetningar sálmalaga.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa tæknilega leikni í hljómfærði barokktímabilsins,
- geta greint og útskýrt sálmalög í anda J. S. Bach,
- kunna undirstöðuatriði raddsetningar sálmalaga.

Námsmat: Tónfræði: heimaverkefni/vinnubók, miðannar- og lokapróf.

Kennarar: Hróðmar I. Sigurbjörnsson og Elín Gunnlaugsdóttir

TÓNFRÆÐI III

5 ECTS

Lýsing: Í tónfræði III er lögð áhersla á hljómfærði rómantíska tímabilsins þar sem megináhersla er lögð á krómátík, tóntegundaskipti milli mismunandi hljómsvæða, áframhaldandi notkun stk. sexundarhljómma o.fl. Greind eru ítarlega verk eftir m.a. J. Brahms, R. Wagner og C. Debussy.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- kunna skil á krómátískri hljómfærði síðrómantíkur,
- geta samið eða útsett stutt kórverk í stíl tímabilsins,
- kunna skil á mismunandi formum og tónmáli tónskálda eins og þau birtast verkum F. Chopin, J. Brahms, R. Wagner og C. Debussy.

Námsmat: Tónfræði: heimaverkefni/vinnubók, miðannar- og lok.

Umsjónarkennari: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

TÓNHEYRN I

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er lögð aðaláhersla á þjálfun tóneyra, bæði undirbúinn lestur og blaðlestur ásamt því að greina og skrifa niður laglínur, hljóma, hljómaraðir og hrynn.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- lesið hrynn í einföldum og samsettum takttegundum,
- lesið laglínur utan tóntegunda og í kirkjutóntegundum,
- skrifað niður einradda laglínur utan og innan tóntegunda,
- skrifað niður hrynn með tríólum, synkópum og yfirbindingum,
- gefið hljóma frá tónkvísl, dúr og moll frá öllum tónum,

- greint eftir heyrn dúr og moll, stækkaða og minnkaða hljóma í öllum hljómhvörfum,
- greint sæti í einföldum hljómaröðum.

Námsmat: Tvö próf í hverjum tíma, munnleg og skrifleg, eitt verkefni, ekkert lokapróf.

Kennari: Hildigunnur Rúnarsdóttir

TÓNHEYRN III

2 ECTS

Lýsing: Á námskeiðinu er lögð megináhersla á að þjálfja innri heyrn nemenda og taktskyn, bæði með lestri og skrift. Einnig er lögð áhersla á að sungið sé hreint, bæði a-tónal og tónal í mismunandi c-lyklum.

Hæfnimiðvið Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa öðlast færni til þess að vinna með tónlist eftir hlustun,
- hafa öðlast tæknilega færni í tónheyrn,
- geta sungið og skrifað niður atónal laglínur,
- geta greint hefðbundið hljómaferli og greint fimmtóna a-tónal hljóma,
- geta sungið og skrifað taktdæmi með tríólum og ferólum,
- geta sungið laglínur í sópran-, alt- og tenórlykli.

Námsmat: Nemendur skila heimavinnu í hverjum tíma og þreyta próf í lok annar.

Kennari: Gunnsteinn Ólafsson

TÓNLISTARFORRITUN

4 ECTS

Lýsing: Farið er yfir nokkrar leiðir til þess að nota tölvu sem hjálpartæki, bæði við greiningu á tónlist og til þess að búa til tónlist. Varðandi greiningu er t.d. litið á 12-tóna „matrixa“ og „set-teoría“ greiningu. Varðandi tónsmíðar er farið yfir ýmsar leiðir til myndunar eða umbreytinga á nótum eða öðrum tónlistarferlum. Námskeiðið byggist á sýnikennslu og verkefnavinnu.

Kynnt verða grundvallaratriði í rauntíma tónlistarforritun og “live-coding”. Til þess verða notuð forritunarmálin SuperCollider og ixi lang.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa öðlast færni í að nota tölvu sem hjálpartæki við tónsmíðar og tónlistargreiningu,
- kunna helstu aðferðir við að láta tölvu semja tónlist og nokkrar leiðir til að láta tölvu hjálpa til við greiningu tónlistar, t.d. 12-tóna „matrixa“ og „set-teoría“ greiningu,
- hafa öðlast færni í tónsmíðum með hjálp forrita.
- hafa öðlast grunnþekkingu á tónlistarforritunarmálinu SuperCollider og “live-coding” umhverfinu ixi lang,
- vera færir um að útfæra einföld tónverk í SuperCollider og ixi lang.

Námsmat: Stutt verkefni í lok annars hvers tíma og þrjár stuttar tónsmíðar í lok námskeiðs.

Kennari: Ríkhartur H Friðriksson

TÓNLISTARLEIKFIMI

1 ECTS

Lýsing: Kennsla bæði í formi verklegra tíma og fyrirlestra. Í tímunum verður m.a farið í gegnum fræðslu um stoðkerfi líkamans, álagsmeiðsli tónlistarfólks, algengar birtingamyndir þeirra og möguleg áhrif og mikilvægi góðrar almennrar heilsu. Í verklega hlutanum verður sérstök áhersla lögð á að efla meðvitund nemenda á mikilvægi góðrar líkamsstöðu í leik og starfi og að bæta líkamlegt ásigkomulag með kennslu á hinum ýmsu þrek- og styrktaræfingum.

Þá verður ekki síst lögð áhersla á líkamann sem skapandi tæki með æfingum og aðferðum sem rækta ímyndunaraflíð og tengsl hugar og líkama.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa eflt líkamsvitund sína,
- hafa aukið líkamlegan styrk og þrek,
- hafa öðlast þekkingu á mikilvægi forvarna gegn álagsmeiðslun,
- hafa dýpkað skilning sinn á líkamanum sem verkfæri.

Námsmat: Símat og virkni á námskeiðinu.

Kennari: Kári Árnason, Saga Sigurðardóttir

TÓNSMÍÐAR I

6 ECTS

Lýsing: Nemandi fær einkatíma í tónsmíðum þar sem áhersla er lögð á að virkja sköpunarkraft nemanda og vinna að listrænni mótun hans. Í hóptímum verður efniviður tónsmíða kannaður út frá fimm grunnflokkum sem skiptast í hrynjandi/form, laglínur/lárétt hugsun, samhljóms/lóðrétt hugsun, tónblæ, áferð/samsetning. Námskeiðið verður skipulagt samkvæmt þessu í fimm lotur þar sem nemandinn fær breiða sýn á þróun efniviðar í tónlist. Í kór Listaháskólans er tekist á við flutning 20. og 21. aldar íslenskrar tónlistar þ.á.m. verk nemenda skólans. Í masterklössum og fyrirlestrum tónsmíða munu starfandi listamenn kynna sérsvið sitt í tengslum við áherslur tónsmíðanámsins. Að auki koma nemendur með verkefni sín til umfjöllunar.

Hæfniviðið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta samið 3-5 mínútna tónverk fyrir hljóðfæri eða með aðstoð tölvutækni,
- geta beitt sjálfstæðum vinnubrögðum, sýna fram á hæfni til að taka ákvarðanir og hafa þekkingu á tónsmíðum sem notast við sérstaka tjáningu á hrynjanda, laglínu, hljómi, tónblæ og áferð,
- hafa getu til að byggja upp og leiða til lykta listrænt verkefni.

Námsmat: tónsmíðar og virkni í einkatímum, heimaverkefni og lokaverkefni hópnámskeiða, mæting í masterklassa/fyrirlestra og í kór skólans.

Umsjónarkennari: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

Kennarar: Atli Ingólfsson, Einar T. Einarsson, Hafdís Bjarnadóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Páll Ragnar Pálsson, Ríkhartur H. Friðriksson, Úlfar Ingi Haraldsson, Jesper Pedersen

TÓNSMÍÐAR III

10 ECTS

Lýsing: Nemandi fær einkatíma í tónsmíðum þar sem áhersla er lögð á að virkja sköpunarkraft nemanda og vinna að listrænni mótun hans. Annar hluti námskeiðsins fer fram í hóptímum þar sem veitt er kennsla og þjálfun í tólftóna raðtækni. Skoðuð eru verk tólftóna tónskálda, gerðar æfingar og loks samin verk í ströngum tólftóna stíl. Jafnframt verður þróun þessa stíls á 20. öldinni könnuð. Í

masterklössum og fyrirlestrum tónsmíða munu starfandi listamenn kynna sérsvið sitt í tengslum við áherslur tónsmíðanámsins. Að auki koma nemendur með verkefni sín til umfjöllunar. Í kór Listaháskólans er tekist á við flutning 20. og 21. aldar íslenskrar tónlistar þ.á.m. verk nemenda skólans.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta samið 6-8 mín. fjölradda tónverk fyrir hljóðfæri eða með notkun raftækni,
- hafa leikni til að nýta þekkingu sína og skilning til listsköpunar,
- hafa staðgóða þekkingu á 12 tóna raðtækni og beitingu hennar til tónsmíða.

Námsmat: Tónsmíðar og virkni í einkatímum, heimaverkefni og lokaverkefni hóptíma, mæting í masterklassa/fyrirlestra og kór.

Umsjónarkennari: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

Kennarar: Atli Ingólfsson, Einar Torfi Einarsson, Hafdís Bjarnadóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Páll Ragnar Pálsson, Ríkharður H. Friðriksson, Úlfar Ingi Haraldsson, Jesper Pedersen

TÓNSMÍÐAR V

8 ECTS

Lýsing: Nemandi fær klukkutíma einkatíma á viku og er gert að vinna að lokaverkefni fyrir kammersveit og/eða kór eða með notkun tölvu. Samtals tímalengd er 14–20 mínútur. Í masterklössum og fyrirlestrum tónsmíða munu starfandi listamenn kynna sérsvið sitt í tengslum við áherslur tónsmíðanámsins. Að auki koma nemendur með verkefni sín til umfjöllunar.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta samið verk fyrir sex eða fleiri flytjendur og/eða með notkun tölvu,
- geta unnið sjálfstætt,
- þekkja og geta beitt helstu tónsmíðaaðferðum tónlistarsögunnar og/eða beitt helstu aðferðum tölvutækni til tónsköpunar,
- hafa getu til að byggja upp og leiða til lykta listrænt verkefni í stærra formi,
- hafa tileinkað sér gagnrýna sýn á eigin verk og annarra og tekið þátt í umræðum þar að lútandi,
- geta kynnt hugmyndir sínar á skilmerkilegan hátt og tekið þátt í umræðum um þær.

Námsmat: ástundun og virkni, mæting í masterklassa/fyrirlestra.

Umsjónarkennari: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

Kennarar: Atli Ingólfsson, Einar T. Einarsson, Hafdís Bjarnadóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Hilmar Örn Hilmarsson, Páll Ragnar Pálsson, Ríkharður H. Friðriksson, Úlfar Ingi Haraldsson, Jesper Pedersen

UNDIRSTÖÐUR TÓNHEYRNAR I

2 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er hið fyrra af tveimur undirbúningsnámskeiðum fyrir Tónheyrn I. Í námskeiðinu er lögð aðaláhersla á þjálfun tóneyra, bæði undirbúinn lestur og blaðlestur ásamt því að greina og skrifa niður laglínur, hljómastöðu og hryn.

Hæfnimiðvið Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- lesið einfaldan hryn í einföldum og samsettum takttegundum,
- lesið laglínur innan tóntegundar,
- skrifað niður einradda laglínur innan tóntegundar,
- skrifað niður einföld hryndæmi í samsettum og einföldum takttegundum,
- greint eftir heyrn dúr- og mollhljóma í öllum hljómhvörfum.

Námsmat: Tvö próf í hverjum tíma, munnleg og skrifleg, ekkert lokapróf.

Kennari: Hildigunnur Rúnarsdóttir

ÆFINGAKENNSLA I

4 ECTS

Lýsing: Á námskeiðinu er æfinganemendum kennt undir handleiðslu umsjónarkennara. Nemandi heldur dagbók um eigin kennsluáætlun og kennslutengda þætti og hugmyndir. Hagnýt handbrögð og hugtök við hljóðfærakennslu byrjenda lærð og æfð.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta kennt hljóðfæraleik á byrjendastigum,
- kunna vel hagnýt handbrögð og hugtök og geta beitt þeim af færni og innsæi,

- geta nýtt viðurkenndar kennsluaðferðir,
- vera meðvituð um tónlistarval og skipulag hljóðfærakennslu byrjenda,
- vera vel að sér í aðalnámskrá tónlistarskólanna og hafa þekkingu til þess að semja próf og undirbúa nemendur fyrir grunnpróf.

Námsmat: Verklegr kennsla, virkni.

Umsjónakennari: NN

BA/B.Mus nám í tónlistardeild

KENNSLUSKRÁ VORMISSERIS 2016

Námsskeiðslýsingar verða birtar í stafrófsröð

AÐALFAG - HLJÓÐFÆRAKENNARANÁM II **6 ECTS**

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið klassískt hljóðfæra- eða söngnám. Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfa nemanda. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning.

Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa öðlast meiri þekkingu, færni og leikni í faginu og geta unnið flóknari, erfiðari og lengri verkefni og hafa öðlast dýpri túlkunarhæfni en í undanfaranum,
- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismunandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á einstaklingsbundinn hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnir,
- geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Virkni og tónleikar

Umsjónakennari: Peter Máté

Kennarar: Ýmsir

ADALFAG - HLJÓÐFÆRAKENNARANÁM IV

6 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið klassískt hljóðfæra- eða söngnám. Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfa nemanda. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa meiri þekkingu, færni og leikni í faginu og geta unnið flóknari, erfiðari og lengri verkefni og hafa dýpri túlkunarhæfni en í undanfaranum,
- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismunandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á einstaklingsbundinn hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnir,
- geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Virkni og tónleikar

Umsjónakennari: Peter Máté

Kennarar: Ýmsir

ADALFAG - HLJÓÐFÆRI/SÖNGUR II

8 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið klassískt hljóðfæra- eða söngnám. Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfir nemanda. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa meiri þekkingu, færni og leikni í faginu og geta unnið flóknari, erfiðari og lengri verkefni og hafa dýpri túlkunarhæfni en í undanfaranum,
- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismundandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á einstaklingsbundinn hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnnir,
- geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Virkni og tónleikar

Umsjónarkennari: Peter Máté

Kennarar: Ýmsir

ADALFAG - HLJÓÐFÆRI/SÖNGUR IV

8 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið klassískt hljóðfæra- eða söngnám.

Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfir nemanda. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning.

Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa meiri þekkingu, færni og leikni í faginu og geta unnið flóknari, erfiðari og lengri verkefni og hafa dýpri túlkunarhæfni en í undanfaranum,
- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismundandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris.
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á einstaklingsbundinn hátt.
- geta þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnnir,

- geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Virkni og tónleikar.

Umsjónarkennari: Peter Máté

Kennarar: Ýmsir

ADALFAG-SKAPANDI TÓNLISTARMIDLUN II og IV 8 ECTS

Lýsing:

Miðlun: Unnið er með snarstefjun, tónsmíðar í hópi, samspil, framkomu á sviði, frásögn og stjórnum. Farið er í heimsóknir, t.d. grunnskóla eða tónlistarskóla, þar sem nemendur fá tækifæri til að vinna og skapa tónlist með börnum og ungu fólki. Í námskeiðinu felst ýmist tónleikahald með verkum sem samin eru eða útsett í áfanganum. Nemendur skrá og miðla vinnuferlinu og afrakstri námskeiðsins á fjölbreyttan hátt. Í námskeiðinu miðla 1., 2. og 3. árs nemar þekkingu og reynslu sín á milli.

Leiðtogafærni: Nánari lýsing væntanleg.

Spuni/samspil: Þetta er hluti af aðalfagsnámskeiðinu sem gildir 25%. Spuninn snýst fyrst og fremst um virka þátttöku allra nemenda í spunaleik, þ.e. að kynnast hljóðfæri sínu (í mjög víðri merkingu) frá nýju sjónarhorni með leik (eða söng) af fingrum fram. Markmiðið er að rannsaka margvíslega nálgun að viðfangsefninu með tilliti til misjafnlega mikils frelsis í gjörningnum og notkunar á leiðbeiningum, t.d. nótnaritun eða öðrum táknum, til að móta og skapa ákveðinn farveg fyrir spunaverk. Skoðuð verða þekkt verk sem byggjast misjafnlega mikið á spuna og þau notuð sem innblástur fyrir eigin sköpun og til umræðu. Samspilið skarast gjarnan við spunann en auk þess er farið í ýmis konar repertoire eftir því sem á við í samræmi við aðalfag viðkomandi nemanda. Samspil og spuni eru tekin fyrir í lotum undir leiðsögn leiðbeinenda með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- búa yfir færni í miðlun og samskiptum,
- hafa hæfni í að vinna sameiginlega að verkefnum eða viðburðum,
- geta unnið í hópvinnu, skipulagi og umleitunum,

- geta átt samskipti við einstaklinga og hópa við mismunandi menningarlegar og þjóðfélagslegar aðstæður
- geta sett efni fram á aðgengilegan hátt,
- geta stjórnað námskeiðum/smiðjum í skólum eða við aðrar aðstæður,
- hafa innsæi og skilning á mismunandi hlutverkum í samleik og geta verið jöfnum höndum leiðandi og fylgjandi,
- geta spunnið af öryggi og brugðist við aðstæðum og samhengi á þann hátt sem hæfir hverju sinni,
- geta miðlað, í rituðu og mæltu máli, viðfangsefnum tónlistarinnar á almennum og faglegum vettvangi,
- geta beitt helstu upplýsingatækni (IT),
- hafa innsæi og skilning á mismunandi hlutverkum í samspili og geta verið jöfnum höndum leiðandi og fylgjandi,
- búa yfir virkri hlustun og hafa tilfinningu fyrir jafnvægi í styrk og intónun og geta greint vægi hvernar raddar á hverjum tíma,
- hafa yfirsýn yfir ýmiss konar spunastíla ásamt því að hafa kynnst verkum sem byggjast á spuna,
- geta spunnið af öryggi og brugðist við aðstæðum og samhengi á þann hátt sem hæfir hverju sinni,
- hafa getu til að skrá niður og útfæra leiðbeiningar fyrir spunahóp til að nota við flutning,
- geta átt samræður um grundvallaratriði er tengjast formi og framkvæmd flutnings, og geta gagnrýnt af kunnáttu og á uppbyggilegan hátt mismunandi nálganir í spuna og hvers konar samspili.

Námsmat:

Miðlun: Verkefni, frammistaða í tímum, ástundun, frumkvæði og samvinna. Opinber flutningur á frumsömdu eða útsettu efni, sjálfsmatsskýrsla byggð á dagbók og jafningjamati.

Leiðtogafærni: Nánari lýsing væntanleg.

Spuni/samspil: Tónleikar, verkefnavinna og hlustunarpróf.

Umsjónarkennari: Gunnar Benediktsson

Kennarar: Ýmsir

ART AND IDENTITY

2 ECTS

(English below)

Lýsing: Listir eiga stóran þátt í því að móta menningarlega og þjóðernislega sjálfsmynd. Því hefur verið haldið fram að listir endurspegli sjálfsmynd einstaklinga jafnt sem samfélaga. Í námskeiðinu verður leitast við að svara hvort það sé í raun satt og hvort listir geti og/eiga að vera notaðar til að móta eða endurmóta hugmyndina um einstaklinginn, samfélagið eða þjóðina.

Í námskeiðinu verður tvisvar farið á Þjóðminjasafn Íslands og nemendur mæta á fyrirlestra frá tónlistar-, myndlistar-, leiklistar og dans-, sem og hönnunar og arkitektúrdeild þar sem tekist verður á við efnið á margbreytilegan hátt. Nemendur mæta einnig á listviðburði að eigin vali sem þeir byggja verkefni sín á.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- Hafa innsýn inn í hvernig listir hafa verið nýttar í mótun menningarlegara og þjóðernislegara sjálfsmyndar Íslendinga.
- Hafa þekkingu á ákveðnum íslenskum listamönnum og hönnuðum.
- Hafa skilning á ákveðnum listviðburðum í menningarlegu og þjóðfélagslegu samhengi
- Geta tjáð sig skriflega og munnlega um listviðburði
- Geta greint listviðburði út frá þeim þáttum sem lagðir eru til grundavallar í námskeiðinu.

Námsmat: Málstofur, verkefni og ástundun.

Umsjónakennari: Hönnunardeild

Description: The arts play a large role in creating both a cultural and national identity. It has been stated that art is a reflection of the identity of an individual or a society. The module seeks to ask whether that is in fact the case and if the arts can and/or should be used to construct or reconstruct a notion of the individual, society, or nation?

During the module, students visit current events/exhibitions and attend lectures from the Departments of Theatre and Dance, Music, Fine Arts and Design and Architecture that

approach the topic in various ways. Students also attend artistic productions of their own choice on which they base their assignments upon.

Learning outcomes: At the end of the course students should:

- have an insight into how the arts have been used in creating a cultural and national identity in Iceland,
- have knowledge of selected artists and designers,
- have an understanding of selected artistic productions in a cultural and national context,
- be able to communicate their thoughts on an artistic production both in written form and orally,
- be able to analyse an artistic production on the grounds of the material in the module.

Assessment methods: Projects, seminars and participation.

AUKAHLJÓÐFÆRI/SÖNGUR

2/4 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem klassískt hljóðfæra- eða söngnám. Áhersla er lögð á tækni, túlkun og þekkingu ýmsu tónlistarstíla, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismundandi tónlistarstíla,
- þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun.

Námsmat: Próf eða tónleikar.

Umsjónarkennari: Peter Máté

Kennarar: Ýmsir

BLAÐLESTUR FYRIR BLÁSTURSHLJÓÐFÆRI II

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í að lesa, tónflytja og greina verk fyrir blásturshljóðfæri, auk þess sem lögð er áhersla á kammerverk. Verkin

eru greind samhliða lestrinum. Hljómsveitarpartar frá mismunandi tímabilum tónlistarsögunnar eru fluttir.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa öðlast hæfni í að takast á við blásaratónlist frá mismunandi stíltímabilum tónlistarsögunnar með skömmum fyrirvara, m.a. einleiksverk, kammerverk og hljómsveitarparta,
- geta tónflutt einföld verk,
- hafa öðlast reynslu í hraða, nákvæmni og músíkölsku innsæi í blaðlestri.

Námsmat: Verklegt próf, frammistaða og virkni.

Kennari: Martial Nardeau

BLAÐLESTUR FYRIR GÍTAR II

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu þjálfast nemendur í að lesa, syngja, tónflytja og greina einleiksverk fyrir gítar. Lögð er áhersla á gítarsamspil og kammerverk. Samhliða lestrinum er áhersla lögð á greiningu verkanna og að virkja og þróa skilning nemandans á hljómfræði út frá eiginleikum gítarsins.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa öðlast reynslu í að takast á við verkefni í gítarleik frá mismunandi stíltímabilum tónlistarsögunnar með skömmum fyrirvara, m.a. einleiksverk, samspilsverk, sönglög og kammerverk,
- geta tónflutt einföld gítarverk og parta,
- hafa öðlast hæfni í hraða, nákvæmni og músíkölsku innsæi í blaðlestri.

Námsmat: Verklegt próf, frammistaða og virkni.

Kennari: Svanur Vilbergsson

BLAÐLESTUR FYRIR PÍANÓ II

2 ECTS

Lýsing: Nemendur þjálfast í að lesa, syngja, tónflytja og greina einleiksverk fyrir píanó. Einnig er lögð áhersla á fjórhent verk, sönglög og kammerverk. Þá eru hljómsveitarpartar frá mismunandi tímabilum tónlistarsögunnar spilaðir. Lögð er áhersla á greiningu verkanna samhliða lestrinum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa öðlast aukna færni og öryggi í að takast á við verkefni í píanóleik frá mismunandi stíltímabilum tónlistarsögunnar með skömmum fyrirvara, m.a. einleiksverk, fjórhent verk, sönglög, kammerverk og hljómsveitarparta,
- geta tónflutt flóknari píanóverk og parta,
- geta sungið af blaði ásamt því að leika píanópart á sama tíma,
- hafa öðlast færni í hraða, nákvæmni og músíkölsku innsæi í blaðlestri.

Námsmat: Verklegt próf, frammistaða og virkni.

Kennari: Nína Margrét Grímsdóttir

BLAÐLESTUR FYRIR SÖNGVARA II

2 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er framhald á Blaðlestri fyrir söngvara I og þyngist í samræmi við það. Á námskeiðinu er lögð megin áhersla á að syngja brot úr aríum eftir Jóhann Sebastian Bach á nótnanöfnum án undirleiks. Aríurnar eru flokkaðar eftir því hversu langt er farið í fjarskyldar tóntegundir. Einnig eru sungin tveggja og þriggja radda kórlög eftir tónskáld frá endurreisnartímanum sem og eftir íslensk tónskáld. Þá eru taktdæmi æfð, bæði einradda og tveggjaradda.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa öðlast færni í að geta sungið beinta af blaði einfaldar aríur og einsöngslög,
- hafa öðlast færni í að geta sungið í hóp beint af blaði tveggja- og þriggjaradda kórlög,
- hafa öðlast færni í að geta lesið létt tveggja radda taktdæmi beint af blaði.

Námsmat: Próf

Kennari: Gunnsteinn Ólafsson

CAMERATA

2 ECTS

Lýsing: Nemendur fá fyrirlestur hjá sérfræðingi í barokktúlkun í upphafi og takast svo á við bitastætt verk, fyrir söngvara og hljóðfærleikara eða efnisskrá byggða á ákveðnu þema, frá barokktímanum undir leiðsögn kennara sem í lokin er flutt á tónleikum.

Unnið sem viðauki við Tónbókmenntir 2 og/eða fyrir þá sem leggja sig sérstaklega eftir barokktónlistarflutningi.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa:

- kynnst helstu einkennum barokktúlkunar,
- kynnst a.m.k. einu stóru verki eða ákveðnu þematísku efni frá barokktímanum og unnið að flutningi þess út frá flutningshefðum barokktímans,
- náð að þroska sig í samvinnu, samleik og opinberum flutningi.

Námsmat: Ástundun og tónleikar eða hljóðritun.

Umsjónarkennari: Sigurður Halldórsson

ENDURREISNARKONTRAPUNKTUR

4 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu verða kenndir hinir fimm hættir raddhreyfinga fyrir tvær og þrjár raddir í endurreisnarstíl Palestrina og hver háttur þjálfaður með heimaverkefnum. Einnig verður farið í frjálstan kontrapunkt og eftirlíkingar (kanóna). Að lokum verða greindar mótettur eftir Orlando Lassus til undirbúnings lokaverkefninu.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- þekkja og skilja hina fimm hætti (species) í tveggja og þriggja radda kontrapunkti í endurreisnarstíl Palestrina,
- kunna ritun frjáls kontrapunkts og eftirlíkinga í sama stíl,
- geta skrifað tveggja radda mótettu í stíl Palestrina.

Námsmat: Vinnubók, próf og heimapróf

Umsjónarkennari: Gunnsteinn Ólafsson

GAGNVIRK TÓNLIST I

2 ECTS

Lýsing: Vinnustofa þar sem þróaður er hugbúnaður og/eða vélbúnaður fyrir gagnvirka tónlist og/ eða mynd (annaðhvort innsetningar eða lifandi tónleika- eða dansverk).

Möguleikar tækninnar eru kynntir og nemendur vinna síðan að sjálfstæðum verkefnum.

Þar þróa þeir hug- eða vélbúnað sem bregst við ytra áreiti í gegnum hljóðnema, vídeó eða hvers kyns skynjara og svarar með hljóð-, tón-, mynd- eða vélferlum í samhengi við

það sem inn kemur. Námskeiðið er ekki takmarkað við tónlist og má vel hugsa sér að það eigi erindi við t.d. myndlistar- eða dansnemendur. Hug- og vélbúnaður er frjálst en algengast er að notast sé við Max/MSP, PD og/eða Arduino.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta búið til tónlist í gagnvirku umhverfi til opinbers flutnings þar sem hljóð, mynd og/eða hreyfingar eru tengd saman á gagnvirkan hátt,
- hafa grunnfærni í að setja saman og vinna með gagnvirk tónlistar- eða myndferli með tölvum eða öðrum tækjum og geta nýtt hana til að mynda hljóð og/eða stjórnna því í rauntíma,
- hafa grunnfærni í að vinna með skynjara og hvers kyns stjórnþæki.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefni.

Kennari: Jesper Pedersen

HLJÓÐFÆRAFRÆÐI II – ÚTSETNINGAR

4 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er fjallað nánar um notkun og hlutverk helstu flokka hljóðfæra sem mynda hina hefðbundnu símfónuhljómsveit. Farið er yfir helstu tækniatriði og stílbrögð sem tengjast notkun hópanna í hljómsveitarsamhengi. Skoðuð verða verk frá mismunandi tímabilum til að skoða samhengi, útfærslur og notkun með tilliti til útsetningarstíls og tækni. Verklegar æfingar eru unnar með jöfnu millibili yfir námstímamann þar sem reynir á fræðilega þekkingu, getu til að umskrifna tónlist á milli ólíkra hljóðfæra eða hópa, og kunnáttu í að útsetja efni af mismunandi toga fyrir blandaða hljóðfærahópa.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa yfirsýn yfir hlutverk og notkun á mismunandi hljóðfæraflokkum hljómsveitarinnar frá 18. – 21. aldar,
- hafa grunnþekkingu á ritun fyrir hljóðfæraflokka hljómsveitarinnar og kunna skil á helstu stílbrögðum sem tengjast ritun fyrir samstæða hópa t.d. strengi, tréblásara og málmblásara,

- hafa þekkingu á veigamiklum hugtökum og tækniatriðum sem tengjast umskriftum og útsetningum fyrir mismunandi hljóðfærahópa,
- geta gert vel útfærðar og sannfærandi umskriftir úr hljómborðstónlist,
- hafa hæfni til að geta útsett fyrir blandaða hljóðfærahópa á kunnáttusamlegan og sannfærandi hátt án þess að hafa miklar hljómrænar upplýsingar eða efni til að styðjast við.

Námsmat: Byggir á 5 einstaklings verkefnum.

Umsjónakennari: Úlfar Ingi Haraldsson

HLJÓÐFÆRAFRÆÐI IV - SINFÓNÍUHLJÓMSVEITIN 4 ECTS

Forkröfur: Hljóðfærafræði I, II og III.

Lýsing: Í fyrirlestrum er fjallað um hljóðfærahópa hefðbundinnar sinfóníuhljómsveitar og samspil og samhljómun þeirra. Hljómsveitartónlist frá ýmsum tímabilum tónblístarsögunnar er greind og skoðuð með tilliti til ólíkrar notkunar á hljóðfærum og hljóðfærahópum. Lokaverkefni námskeiðsins er flutt af sinfóníuhljómsveit.

- **Hæfniviðmið:** Í lok námskeiðs á nemandinn að: hafa skilning og þekkingu á öllum hljóðfærahópum sinfóníuhljómsveitar,
- hafa leikni til að vinna með sinfóníuhljómsveit á skapandi hátt,
- hafa færni til þess að semja stutt tónverk fyrir sinfóníuhljómsveit þar sem allir hópar hljómsveitarinnar (tré-, málmblásarar, slagverk og strengir) eru nýttir,
- hafa hæfni til þess að útsetja stutt tónverk fyrir sinfóníuhljómsveit þar sem allir hópar hljómsveitarinnar (tré-, málmblásarar, slagverk og strengir) eru nýttir.

Námsmat: Stutt tónsmíð fyrir sinfóníuhljómsveit, virkni

Umsjónarkennari: Páll Ragnar Pálsson

Hljómsveit: Gunnsteinn Ólafsson

Vinnulag: Fyrirlestrar og verkefnavinna

Námsmat og forsendur: Mæting og ástundun, lokaverkefni

HLJÓÐFÆRI/SÖNGUR II og IV Skapandi tónlistarmiðlun

4 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem nokkuð hefðbundið hljóðfæra- eða söngnám. Nemandi og kennari móta sér þó stefnu í upphafi hverrar annar og ákveða hvort áhersla er lögð á tækniframfarir, tónleikahald, hagnýta nálgun eða annað.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á einstaklingsbundinn hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnir.

Námsmat: Nemandi og kennari setja sér í sameiningu markmið í upphafi hverrar annar.

Námsmat er byggt á hversu vel þau markmið nást.

Umsjónarkennari: Gunnar Benediktsson

Kennarar: Ýmsir

Hljóðhönnun II

4 ECTS

Lýsing: Í Hljóðhönnun II, sem er beint framhald af námskeiðinu Hljóðhönnun I, er unnið með með raf- og umhverfishljóð í stafrænu umhverfi með dýpri aðferðum en áður. Valin forrit og forritunarumhverfi eru kynnt og notuð til hljóðmyndunar og hljóðmeðhöndlunar.

Námið byggir á blöndu af sýnikennslu og verkefnavinnu með áherslu á hagnýta notkun hljóðhönnunartækni. Meðfram því verður haldið áfram umfjöllun um hljóðskynjunar- og hljóðeðlisfræði, auk þess sem kynntar eru fleiri hljóðmyndunar- og meðhöndlunaraðferðir.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa nokkuð yfirgripsmikla þekkingu á hljóðhönnun,

- geta fótáð sig vel í vinnu með raf- og umhverfishljóð í stafrænu hljóðumhverfi,
- hafa góða færni í að nota valin forrit til hljóðmyndunar og hljóðmeðhöndlunar,
- kunna skil á helstu hugtökum og fyrirbærum hljóðs og hvernig maðurinn upplifir það,
- kunna skil á flestum helstu hljóðmyndunar- og hljóðbreytiaðferðum.

Námsmat: Sýnikennsla og verkefnavinna

Kennarar: Ríkharður H Friðriksson, Jesper Pedersen

Hljóðlist

4 ECTS

Lýsing: Á námskeiðinu verður saga hljóðlistar til umfjöllunar, allt frá tilraunum og framúrstefnulegum kenningum í upphafi 20. aldar til hljóðatilauna samtímans. Hlutverk og notkun á tækni og tólum við innsetningu hljóða verða skoðuð sem og notkun á rými við flutning tónlistar. Í því samhengi verður jafnframt rýnt í hlutverk flytjandans. Enn fremur verður orðræða í kringum tilraunatónlist krufin og leitast verður við að svara grundvallarspurningum um eðli hljóðlistar.

Hæfnimiðvið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa haldgóða þekkingu á sögu hljóðlistar á 20. og 21. öld,
- geta beitt gagnrýnni hugsun við greiningu á orðræðu um hljóðlist og tilraunatónlist,
- hafa reynslu af því að skapa hljóðverk og/eða nota rými á meðvitaðan hátt við flutning tónlistar.

Námsmat: Málstofur, ritgerð og þátttaka í lokasýningu

Kennari: Berglind María Tómasdóttir

HLJÓMSVEITARLEIKUR II

2 ECTS

Lýsing: Nemendur lesa í gegnum og læra raddir í stórum símfónískum verkum undir leiðsögn kennara. Verkin eru miðuð við tímasetningar verka á dagskrá Símfóníuhljómsveitar Íslands. Nemendur mæta á æfingar þegar verkin verða æfð auk þess að mæta á tónleikana. Nemendur skrifa síðan stutta ritgerð um verkefnið. Einnig verður

farið í blaðlestur á erfiðum og þekktum hljómsveitarúrdráttum. Kennt verður í tveggja til 10 manna hóp.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs á nemandi að:

- hafa leikni til þess að takast á við hljómasveitarraddir af mismunandi toga af nákvæmni og hraða,
- hafa hæfni til þess að leika hljómsveitarraddir af músíkölsku innsæi,
- hafa þekkingu á hefðbundinni efnsskrá sinfóníuhljómsveitar.

Námsmat: Ástundun, ritgerð.

Kennari: Guðný Guðmundsdóttir

ÍSLENSK TÓNLISTARSAGA FYRRI ALDA

4 ECTS

Lýsing: Námskeið um íslenska tónlistarsögu frá kristnitöku og fram á 19. öld. Skoðaðar verða heimildir um tónlistariðkun á Íslandi, nótnahandrit, prentaðar bækur og aðrar frumheimildir. Einnig verður athugað hvað vitað er um tengsl tónlistariðkunar á Íslandi við það sem gerðist á meginlandi Evrópu. Handritasöfn á Þjóðarbókhöfuðu og á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verða heimsótt og nemendur vinna verkefni tengt nótnahandritum.

Hæfniviðmið Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- kunna skil á helstu atburðum í íslenskri tónlistarsögu frá 1000-1800,
- þekkja helstu heimildir, bæði prentaðar söngbækur og nótnahandrit, og sögu þeirra,
- hafa öðlast vitneskju um dreifingu og miðlun tónlistar fyrr á öldum, og tengslum Íslands við umheiminn í tónlistinni.

Námsmat: Lestur/ástundun, handritaverkefni, fyrirlestur og lokaritgerð.

Umsjónakennari: Þorbjörg Daphne Hall

Kennari: Árni Heimir Ingólfsson, Sigurður Halldórsson, Þorbjörg Daphne Hall

KAMMERTÓNLIST

2 ECTS

Lýsing: Námskeið í kammertónlist felst einkum í að þróa og þjálfra hæfileika nemenda til samleiks og samvinnu í smærri eða stærri kammerhópum. Þeim eru kynnt ólík viðfangsefni frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar þar sem ólíkir stílar og hljóðfærasamsetningar koma við sögu. Í þessu samhengi gefst nemendum tækifæri til að taka þátt í tónlistarflutningi með fleiri tónlistarmönnum. Hópvinnna af þessu tagi krefst ekki einungis leikni á viðkomandi hljóðfæri heldur og einlægs vilja til samvinnu og samábyrgðar. Mikilvægt er að hópar skipuleggi fasta æfingatíma strax í upphafi námskeiðs.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa aukið hæfni sína í samspili og samvinnu,
- hafa öðlast meiri þekkingu á þeim stílbrigðum sem viðkomandi verkefni kalla á, hafa þróað betur með sér hæfni til að skynja blæbrigði, samhljóm, samstillingu og hljóðfall í kammerhópnum,
- hafa fengið innsýn í og skilning á sérkennum hinna margvíslegu samspilshljóðfæra, tæknilega og músíkalskt,
- hafa innsæi í og skilning á mismunandi hlutverkum í samleik og geta verið jöfnum höndum leiðandi og fylgjandi,
- hafa fengið þjálfun í skapandi, náinni samvinnu við aðra þar sem reynir á virðingu, næmi, umburðarlyndi, ábyrgð og leiðandi hæfileika,
- hafa reynslu í að koma fram opinberlega á tónleikum.

Námsmat: Ástundun og tónleikar.

Umsjónarkennari: Svava Bernharðsdóttir

Kennarar: Ýmsir

KÓRSTJÓRN II OG IV

4 ECTS

Lýsing: Farið er í mótun og túlkun kórverka frá mismunandi tímabilum. Áhersla er á yfirferð á kórefni í mismunandi stíltegundum, sem nemendur öðlast æfingu í að stjórna. Farið er í uppbyggingu kóræfinga og raddmótun.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs á nemandi að:

- geta slegið allar nauðsynlegar takttegundir með skýru taktföstu slagi,

- hafa vald á fjölbreyttum túlkunarmöguleikum taktslags og á sjálfstæðri notkun handanna við túlkun kórverka,
- hafa þekkingu á raddþjálfun í kórstarfi,
- geta stjórnað gregorskum messusöngvum, fjögurra til sex radda mótettum og fjögurra radda pólýfónískum messuþáttum,
- hafa þekkingu og færni í góðri skipulagningu og stjórn kóræfinga.

Námsmat: Próf, símat.

Kennari: Kennt hjá Tónskóla Þjóðkirkjunnar

LEIKTÚLKUN II

2 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er verklegt. Unnið er með valda söngtexta, aríur eða samsöng, sem nemendur vinna að í söngtímum. Þessi verkefni eru greind í kringumstæður og æfðar á gólfi með verkfærum kerfisins. Hér taka nemendur stökkið frá fyrstu vinnustofu, þar sem gengið er út frá grundvallarskilningi á hugtökum kerfisins, til túlkunar á texta í listrænu formi.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs á nemandi að:

- hafa betri tæknilega færni til þess að leysa úr læðingi skapandi krafta listamannsins,
- vera mjög meðvitaðaður um eigin sköpunargáfu,
- hafa óþvingaða nærveru á sviði,
- geta gert hið meðvitaðaða ómeðvitað,
- hafa færni og skilning til þessa að vinna með hið persónulega í listrænu opinberu samhengi,
- hafa samsömunarhæfni,
- hafi þekkingu á mikilvægum þáttum í sviðtilverunni svo sem gerðir, ásetning, hindranir og herbrögð.

Námsmat: Verkleg kennsla. Nemendur vinna með kennara að túlkun á lagi. Læra að nýta sér verkfærin. Unnið fram að sviðsetningu í einsöng og tvísöngs.

Kennari: Stefán Hallur Stefánsson

LITÚRGÍSKUR ORGELLEIKUR II og IV

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er farið yfir orgelleik við kirkjulegar athafnir og guðsþjónustur. Nemendur öðlast þekkingu á messuforminu og kirkjuárinu, og þjálfast í að leika undir og leiða almennan safnaðarsöng. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti samið eða leikið af fingrum fram stutt sálmaforspil og að þeir þjálfist í tónflutningi. Miðað er við að nemendur fái eina klukkustund á viku.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs á nemandi að:

- geta leikið sálmalög íslensku sálmaþókarinnar af öryggi og á mismunandi hátt m.a. á tvö hljómborð og fótspil,
- hafa færni í hljómsetningu sálmalaga og geti spunnið stutt og einföld sálmaforspil,
- hafa þekkingu á messuforminu og sálmaþóka með tilliti til kirkjuársins.

Námsmat: Próf, símat.

Kennari: Kennt hjá Tónskóla Þjóðkirkjunnar

LOKAVERKEFNI - HLJÓÐFÆRAKENNARABRAUT 18 ECTS

Lýsing: Lokaverkefnið er endapunktur BA náms á kennarabraut og er það tvískipt: opinberir tónleikar og kennslufræðilegt verkefni.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- búa yfir færni í hljóðfærakennslu byrjenda,
- búa yfir færni í flutningi tónlistar,
- þekkja og geta kennt mismunandi tónlistarstíla,
- hafa innsæi til að nálgast hljóðfærakennslu á einstaklingsbundinn hátt,
- geta nýtt sér ímyndunarafl og innsæi og verið sjálfsgagnrýnnir,
- geta sett sér markmið, gert verkáætlanir og fylgt þeim.

Námsmat: Verkefni og tónleikar.

Kennari: NN

LOKAVERKEFNI - HLJÓÐFÆRI/SÖNGUR

18 ECTS

Lýsing: Lokaverkefnið er endapunktur B.Mus.-náms í aðalfagi. Kennari velur fjölbreytileg verkefni til lokaprófs en efnisskrá tónleikanna á að vera í fullri lengd (70 mín. flutningur), og sýna alhliða hæfni tónlistarmanns. Á lokaönn einbeitir nemandinn sér að undirbúningi lokatónleika. Einnig skal hann vinna að gerð efnisskrár lokatónleikanna.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa öðlast færni í opinberum flutningi tónlistar,
- geta samhæft tækni, tjáningu og sköpun í listflutningi,
- geta nýtt þekkingu sína og skilning til listsköpunar,
- geta túlkað mismunandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á einstaklingsbundinn hátt,
- geta nýtt sér ímyndunarafl og innsæi og verið sjálfsgagnrýnir,
- geta sett sér markmið, gert verkáætlanir og fylgt þeim.

Námsmat: Tónleikar.

Umsjónarkennari: Peter Máté

Kennarar: Ýmsir

LOKAVERKEFNI TÓNSMÍÐA 18 ECTS

Lýsing: Nemandi vinnur að lokaverkefni sínu sem er tónsmíð í stóru formi undir leiðsögn einkakennara. Nemandi velur flytjendur, skipuleggur æfingaferli og mótar umgjörð á flutningi verksins. Nemandi semur texta í efnisskrá um verkið og tekur saman ferilmöppu með þeim verkum sem hann hefur samið á námstímanum. Í masterklössum og fyrirlestrum tónsmíða munu starfandi listamenn kynna sérsvið sitt í tengslum við áherslur tónsmíðanámsins. Að auki koma nemendur með verkefni sín til umfjöllunar.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta samið viðamikið tónverk fyrir kammerhóp og/eða með notkun raftækni,
- geta skipulagt og leitt til lykta æfingar og flutning viðamikils tónverks,
- geta lýst listrænum hugmyndum sínum á skilmerkilegan hátt í ræðu og riti,

- geta tekið þátt í umræðum á gagnrýninn hátt um eigin hugmyndir sem annarra.

Námsmat: Tónverk, ferilmappa og skipulag og framkvæmd æfingaferlis auk mætingar í masterklassa og fyrirlestra tónsmíða.

Umsjónarkennari: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

Kennarar: Atli Ingólfsson, Einar T. Einarsson, Hafdís Bjarnadóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Hilmar Örn Hilmarsson, Páll Ragnar Pálsson, Ríkharður H. Friðriksson, Úlfar Ingi Haraldsson, Jesper Pedersen

LÚÐRASVEITARÚTSETNINGAR

2 ECTS

Lýsing: Á námskeiðinu verða kenndar aðferðir til að búa til einfaldar útsetningar sem henta blönduðum blásarahópum ungra nemenda. Einnig verður lögð áhersla á frágang raddskráa og hljóðfæraradda.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs á nemandinn að:

- hafa öðlast grunnfærni í að útsetja tónlist fyrir skólalúðrasveitir á grunn- og miðstigi,
- þekkja þær tónsviðs-, tóntegunda- og hryntakmarkanir sem settar eru á hvoru stigi,
- hafa tileinkað sér góðan frágang á raddskráum og hljóðfæraröddum.

Námsmat: Ástundun og verkefni.

Kennari: Össur Geirsson

ORGEL II og IV

4 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið klassískt hljóðfæranám. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfa nemanda.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- geta túlkað mismunandi tónlistarstíla tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,

- hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á sjálfstæðan hátt,
- hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- geta verið sjálfsgagnrýnir,
- geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Virkni og tónleikar.

Kennari: Guðný Einarsdóttir, Björn Steinar Sólbergsson

ORGELFRÆÐI II

2 ECTS

Lýsing: Megináhersla námskeiðs er að kynna nemendum helstu einkenni og uppbyggingu orgelsins, nemendur kynnst sögu orgela síðustu 600 ár. Einnig verður gerð grein fyrir mögulegu bilunum orgelsins ásamt aðferðum við að gera við einfaldar bilanir.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa undirstöðuþekkingu á uppbyggingu orgelsins,
- þekkja sögu hljóðfærisins,
- geta gert bilanagreiningu ásamt því að gera við einfaldar bilanir.

Námsmat: Próf, virkni.

Kennari: NN

PÍANÓBÓKMENNTIR II

2 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er farið í lykilverk helstu tónskálda í píanóbókmenntasögu. Hlustað er á verk eftir J.S. Bach, Mozart, Beethoven, Schubert, Mendelssohn, Schumann, Chopin, Liszt, Brahms, Debussy, Ravel, Rachmaninoff, Prokofiev, Scriabin, Shostakovich og Bartók í flutningi ýmissa píanóleikara og túlkun þeirra skoðuð. Farið er í helstu stíla, stefnur og flutningshefð tímabilsins.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- þekkja helstu verk píanóbókmenntasögu,
- þekkja og geta skilgreint hugtök yfir helstu stíla og stefnur píanóbókmenntasögu,
- hafa hæfni til að taka þátt í umræðum út frá les- og hlustunarefni,
- hafa grunnþekkingu á flutningsmáta helstu verka píanóbókmenntasögu og nokkra getu til að flytja þau,
- geta tjáð sig skriflega um námsefnið.

Námsmat: Skriflegt próf, vinnubók, kynning og virkni.

Kennari: Nína Margrét Grímsdóttir

POPULAR MUSIC & MEDITATION

4 ECTS

Description: How do we understand popular music today? How is it heard, experienced, and mediated around the world? And how have ongoing developments in media technology changed our understanding of, and interaction with such music? This introductory module examines the role popular music plays in contemporary society, highlighting complex issues including, but not limited to, concepts surrounding new musicology, critical musicology, and popular music studies. This interdisciplinary module, aimed at advanced undergraduate and/or postgraduate students, examines such questions through the lens of textual analysis, digital media theory, and postcolonial studies. We will examine music and media from a variety of perspectives, including cultural, technological, ideological aspects. Keeping the focus on recent musical examples, we will then apply these methods to specific case studies, ultimately subjecting each to rigorous critical debate and assessment.

Learning outcomes: At the end of the course students should:

- demonstrate understanding of the fields of musicology, critical musicology, popular music, and new media through close readings of key musical texts,
- develop and apply a variety of critical methods to the interpretation of musicology, popular music and new media texts in their cultural, technological and ideological productions, through class discussion and course assignments,
- describe and analyze technologies of musical production over the past century, including key historical developments in the mediation of popular music since

Internet-based activity has dominated popular music production and consumption,

- compare and evaluate the various medias that have shaped how music is disseminated and understood, and reflect on a variety of historical and political perspectives on how to address aspects of music and mediation,
- become conversant in the development and transformation of the concepts of Web 2.0 and power relations in popular culture, highlighting the increasingly visual focus of the music industries, with a particular focus on theorizing contemporary audio-visual platforms like YouTube.

Assessment methods: Projects, seminars and participation.

Teacher: Áine Mangaoang

RAFLOSTI

2 ECTS

Lýsing: Nemendum verður skipt upp í hópa og unnið allan daginn í nokkra daga að gagnvirku og/eða margmiðlunarverki sem verður sýnt við lok námskeiðsins. Kennarar ganga á milli hópa og veita leiðbeiningar. Meðfram verða haldnir fyrirlestrar listamanna úr ólíkum geirum og sóttir viðburðir á Raflost raflistahátíðinni. Að lokum er skilað inn “dokúmentasjón” af verkinu.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa:

- unnið gagnvirkt margmiðlunarverk (multi-media) í samvinnu við nemendur úr öðrum listgreinum,
- þjálfað hæfni sína til að vinna í blönduðum miðlum út fyrir sitt sérsvið,
- fengið reynslu af vinnu með öðrum listamönnum úr öðrum listgreinum,
- fengið reynslu af að “dokumentera” margmiðlunarverk.

Námsmat: Verkefni í lok námskeiðs gildir 70%. Mæting gildir 20%, smáverkefni í upphafi námskeiðs 10%.

Kennari: Ríkharrður H Friðriksson, Jesper Pedersen, Áki Ásgeirsson

Raftónlistarsaga II

2 ECTS

Lýsing: Rakin verður saga raf- og tölvutónlistar þar sem kynntar verða helstu stefnur og straumar á því sviði og helstu tónskáld og tónverk sem þar koma við sögu. Í Raftónlistarsögu II verður farið yfir tímabilið eftir tilkomu tölvunnar, þ.e. frá u.þ.b. 1970. Ekki verður farið djúpt í tónfræði- eða tækniatriði þannig að þetta námskeið getur vel nýst nemendum úr öðrum deildum en tónlistardeild.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- kunna skil á sögu raf- og tölvutónlistar síðari ára, þ.e. frá u.þ.b. 1970,
- þekkja helstu tónskáld, tónverk, strauma, stefnur og aðferðafræði,
- geta gert úttekt í rituðu máli á helstu þáttum raftónlistar m.t.t. tækni, tímabila og helstu áhrifavalda.

Námsmat: Ritgerð og virkni.

Kennari: Ríkharður H Friðriksson

SAGA ÍSLENSKRAR LEIKHÚSTÓNLISTAR

3 ECTS

Lýsing: Farið verður yfir sögu íslenskrar leikhústónlistar frá 18. öld til okkar tíma og leikin hljóðdæmi. Meðal tónskálda sem koma við sögu eru Magnús Einarsson, Páll Ísólffsson, Jón Múli Árnason og Jón Ásgeirsson.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja sögu íslenskrar leikhústónlistar frá 18. öld til okkar tíma og nöfn helstu tónskáldanna,
- kannast við merkustu tónsmíðarnar og geta sett þær í samhengi við tíðarandann hverju sinni.

Námsmat: Mæting og ástundun, ritgerð (2500 orð).

Kennsluaðferð: Fyrirlestrar, umræður

Umsjónarkennari: Una Margrét Jónsdóttir

SAMHÆFING

2 ECTS

Lýsing: Á námskeiðinu eru kenndar tæknilegar undirstöður vinnu með leikstjóra að kvikmyndum og sjónvarpsefni svo að skapa megi viðeigandi áhrif í dramatískri frásögn. Einnig er farið yfir skapandi notkun hljóðheims og fjallað um veigamestu forrit sem eru í boði er koma að því að samræma mynd og tónlist/hljóð.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa öðlast þekkingu og skilning á því hvernig samhæfa skal tónlist við lifandi mynd,
- hafa færni í að stilla tónlist við mynd á þann hátt að leikstjóri myndarinnar geti metið hvort verkefnið sé tilbúið í lokahljóðblöndun,
- hafa færni til að nýta veigamestu forrit, sem eru í boði á verklegan hátt.

Námsmat: Símat.

Kennari: Kennt hjá Tónskóla Þjóðkirkjunnar

SÁLMA- OG HELGISIÐAFRÆÐI II

4 ECTS

Lýsing: Rakin er saga kirkjusöngs og helgisiða frá tíma frumkirkjunnar og fram yfir siðbreytingu.

Áhersla er lögð á þrjá megin þætti:

- arfleifð frá Gyðingum, áhrif helgisiða þeirra, trúarkveðskaps og tónlistar á guðsþjónustuhald frumkirkjunnar,
- kirkjusöng frumkirkju og miðalda, þar á meðal hymnakveðskap og Gregorssöng,
- breytingu á helgisiðum og kirkjusöng við siðbreytingu.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa öðlast skilning og þekkingu á þróun guðsþjónustuhalds og kirkjusöngs frá upphafi kirkju og fram að siðbót.

Námsmat: Verkefni og próf.

Kennari: Kennt hjá Tónskóla Þjóðkirkjunnar

SINFÓNÍETTA

2 ECTS

Lýsing: Nemendur takast á við bitastætt verk eða efnisskrá byggða á ákveðnu þema frá samtímanum eða 20. öld, fyrir söngvara og/eða hljóðfærleikara, undir leiðsögn kennara, sem í lokin er flutt á tónleikum eða kynningu.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa:

- kynnst túlkun 20. aldar og samtímatónlistar af eigin raun,
- kynnst a.m.k. einu stóru verki eða ákveðnu þematísku efni frá 20. eða 21. öld, æft það undir leiðsögn sérfræðinga og flutt á tónleikum,
- náð að þroska sig í samvinnu, samleik og opinberum flutningi. hlotið þjálfun í og skilning á vinnulagi og æfingaferli sinfóníettu.

Námsmat: Ástundun og tónleikar.

Umsjónarkennari: Sigurður Halldórsson

SÖNGUR II og IV

2 ECTS

Lýsing: Söngkennslan er hún miðuð við hlutverk organista sem forsöngvara og kórstjóra. Áhersla er lögð á samsöng og að nemandi öðlist þá þekkingu á raddbeitingu og hljómmyndun sem nýtist við tilsögn og raddmótun kóra. Meginþættir kennslunnar eru: raddbeiting, raddþjálfun, söngkennsla og kennslufræði. Áhersla er einnig lögð á líffræði raddarinnar og eðlilega beitingu líkamans.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- kunna skil á raddbeitingu og hljómmyndun sem nýtist við tilsögn kóra,
- kunna skil á hlutverki organistans sem forsöngvara við helgihald.

Námsmat: Umsögn og próf.

Nemendur fá umsögn frá kennara í lok hvern annar fyrir frammistöðu og ástundun.

Nemendur taka árspróf eftir hvern vetur, þar sem þeir syngja tvö ólík lög og svara spurningum prófdómara.

Prófdómari leggur mat á þróun raddar og þekkingu á notkun hennar.

Kennari: Kennt hjá Tónskóla Þjóðkirkjunnar

TÓNBOKMENNTIR II

5 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er farið yfir helstu strauma og stefnur í tónsköpun á barokk- og klassíska tímabilinu. Kennsla fer að mestu fram í fyrirlestrum þar sem leitast verður við að bregða ljósi á sögulegt umhverfi, fagurfræði og tónsmíðaaðferðir á hverjum tíma fyrir sig. Einnig æfa nemendur upp stutt samleiks- eða samsöngsverk frá tímabilinu, gjarnan í smærri hópum, og fá leiðsögn um stíl og túlkun. Verklegi hlutinn styður við og dýpkar skilning á aðferðafræði, stíl og sögu tónlistarinnar og gefur nemendum annað sjónarhorn við að kynnast tónbókmenntunum. Verklega hlutanum lýkur með óformlegum tónleikum eða heimsókn þar sem aðrir fá að njóta afrakstursins.

Hæfniviðmið Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja tónbókmenntir barokk- og klassískatímabilsins og geta sett þær í samhengi við helstu menningarsögulegu viðburði þess tíma,
- þekkja og geta skilgreint hugtök yfir helstu stíla og stefnur barokk og klassískrar tónlistar,
- þekkja aðferðir við tónlistarfræðileg skrif,
- hafa hæfni til þess að undirbúa og stýra umræðum út frá les- og hlustunarefni,
- hafa leikni til þess að beita tónlistarfræðilegum aðferðum í umfjöllun og greiningu viðfangsefna,
- hafa grunnetu og -þekkingu á flutningsmáta barokk- og klassíska tímabilsins út frá eigin reynslu,
- kunna að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni,
- geta sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknaniðurstöðum í töluðu og rituðu máli.

Námsmat: Próf, verkefni, málstofur, vinnustofur og óformlegir tónleikar.

Umsjónakennari: Þorbjörg Daphne Hall

Kennari: Árni Heimir Ingólfsson, Sigurður Halldórsson, Þorbjörg Daphne Hall

TÓNBOKMENNTIR IV

5 ECTS

Lýsing: Í námskeiðinu er farið yfir helstu strauma og stefnur í tónsköpun 20. aldar. Kennsla fer að mestu fram í fyrirlestrum þar sem leitast verður við að bregða ljósi á sögulegt umhverfi, fagurfræði og tónsmíðaaðferðir á hverjum tíma fyrir sig. Verklegi hlutinn styður við og dýpkar skilning á aðferðafræði, stíl og sögu tónlistarinnar og gefur

nemendum annað sjónarhorn við að kynnast tónbókmenntunum. Verklega hlutanum lýkur með óformlegum tónleikum eða heimsókn þar sem aðrir fá að njóta afrakstursins.

Hæfniviðmið Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja tónbókmenntir 20. aldar og geta sett þær í samhengi við helstu menningarsögulegu viðburði þess tíma,
- þekkja og geta skilgreint hugtök yfir helstu stíla og stefnur tónlistar 20. aldar,
- þekkja aðferðir við tónlistarfræðileg skrif,
- hafa hæfni til þess að undirbúa og stýra umræðum út frá les- og hlustunarefni,
- hafa leikni til þess að beita tónlistarfræðilegum aðferðum í umfjöllun og greiningu viðfangsefna,
- hafa grunnetu og -þekkingu á flutningsmáta tónlistar frá 20. öld út frá eigin reynslu,
- kunna að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni,
- geta sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknaniðurstöðum í töluðu og rituðu máli.

Námsmat: Próf, verkefni, málstofur, vinnustofur og óformlegir tónleikar.

Umsjónakennari: Þorbjörg Daphne Hall

Kennari: Úlfar Ingi Haraldsson, Sigurður Halldórsson, Þorbjörg Daphne Hall

TÓNFRÆÐI II

5 ECTS

Lýsing: Í tónfræði II er kennd raddsetning sálmalaga í stíl J.S.Bachs ásamt greiningu kontrapunktískra verka hans með sérstakri áherslu á þriggja radda símfónúr. Kennd eru grunnatriði í hljómfræði og formhugsun klassíska tímabilsins með sérstakri áherslu á sönötuformið.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta raddsett eða samið sálmalag í stíl J.S. Bachs,
- vera fær um að greina kontrapunktískt hljóðfæraverk í stíl barokktímabilsins,
- kunna skil á klassísku sönötunni með tilliti til forms, hendingaskipunar, hljómfræði og tóntegundanotkunar,
- kunna skil á grundvallaratriðum klassískrar hljómfræði.

Námsmat: mæting og ástundun, heimaverkefni, miðannarpróf, lokapróf, sinfóníugreining.

Kennarar: Hróðmar I. Sigurbjörnsson, Elín Gunnlaugsdóttir

TÓNFRÆÐI IV

5 ECTS

Lýsing: Í tónfræði IV – hljóðfæraleikarar er lögð áhersla á hljómfraeði og notkun kirkjutöntegunda og annarra breyttra tónstiga í tónlist Debussy, Bartóks, Stravinskys, Messiaen o.fl. Kennð er notkun pitch class set theory bæði við greiningu tónverka tímabilsins og við að semja stutt tónverk. Undirstöður tólftónakerfisins eru kenndar og ásamt greiningum á verkum seinni Vínarskólans.

Í tónfræði IV – tónskáld eru vandlega skoðaðir helstu viðkomustaðir tónlistarinnar frá upphafi 20. aldar til 9. áratugarins og nokkrar tónsmíðaaðferðir æfðar. Leitast er við að varpa sögulegu, fagurfræðilegu og tæknilegu ljósi á hverja stefnu sem til umfjöllunar er. Litið er á aðferðir Bartóks og Stravinskys áður en 12-tóna tækni er krufin nákvæmlega. Einnig eru krufin dæmi um ólíkt yfirborð og ólíka afstöðu tónskálda til hugmyndarinnar um tónefni. Segja má að leiðarstefið sé hugleiðingin um afdrif efnisins, hvernig þróaðist það? Tónskáldin sem eru til umfjöllunar eru: Stockhausen, Boulez, Berio, Donatoni, Ligeti, Xenakis og Grisey, en auk þeirra koma Scelsi, Sciarrino, Ferneyhough, Lachenmann, Reich og fleiri við sögu.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- vera kunnugir aðferðum sem mynduðust til hliðar við dúr-moll kerfið í byrjun 20. aldar, einkum eins og þær birtast í verkum Debussy, Bartóks, Stravinskys og Messiaen,
- hafa góð verkleg og fræðileg tök á 12-tóna tækni eins og hún birtist í verkum Schönbergs, Bergs og Webers,
- hafa kunnáttu til að nota pitch-class set theory til að semja og greina tónverk,
- hafa góða yfirsýn yfir þróun hugmyndarinnar um tónefni á 20. öld og tæknilegt vald á helstu aðferðum sem notaðar voru á síðari hluta aldarinnar,
- hafa skilning á nokkrum helstu hugtökum sem nota má um yfirborð og tækni tónverka á síðari hluta 20. aldar.

Námsmat: Tónfræði: heimaverkefni/vinnubók, miðannar- og lokapróf.

Kennarar: Hróðmar I. Sigurbjörnsson og Atli Ingólfsson

TÓNHEYRN II 2 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er framhald af Tónheyrn I. Í námskeiðinu er lögð aðaláhersla á frekari þjálfun tóneyra, bæði undirbúinn lestur og blaðlestur ásamt aukinni áherslu á þjálfun nemandans til þess að greina og skrifa niður laglínur, hljóma, hljómaráðir og hryn.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- lesið hryn í einföldum og samsettum takttegundum ásamt taktskiptum,
- lesið tveggja radda hryndæmi og laglínur,
- lesið flóknar laglínur utan tóntegunda og í kirkjutóntegundum,
- slegið ýmis pólýrytmísk form,
- skrifað niður tveggja radda laglínur utan og innan tóntegunda,
- skrifað niður hryn í öllum takttegundum með margs konar "ólum", synkópum og yfirbindingum,
- gefið hljóma frá tónkvísl, og stækkaðan og minnkaðan hljóm frá öllum tónum,
- greint hljómastöðu, sjöundahljóma í dúr og moll í öllum hljómhvörfum,
- greint sæti í flóknari hljómaröðum.

Námsmat: Tvö próf í hverjum tíma, munnleg og skrifleg, eitt verkefni, ekkert lokapróf.

Kennari: Hildigunnur Rúnarsdóttir

TÓNHEYRN IV

2 ECTS

Lýsing: Haldið er áfram með sams konar efni og í Tónheyrn III. Á námskeiðinu er lögð megináhersla á að þjálfna innri heyrn nemenda og taktskyn, bæði með lestri og skrift. Einnig er lögð áhersla á að sungið sé hreint, bæði a-tónal og tónal í mismunandi c-lyklum.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- hafa góða færni í að vinna með tónlist eftir hlustun,

- hafa öðlast tæknilega færni í tónheyrn og geta nýtt sér hana á sínu sérsviði,
- geta greint, sungið og skrifað niður a-tónal laglínur og hljómaferli,
- geta skrifað af öryggi flókin taktdæmi,
- geta sungið í c-lyklum.

Námsmat: Nemendur skila heimavinnu í hverjum tíma og þreyta próf í lok annar

Kennari: Gunnsteinn Ólafsson

TÓNLISTARLEIKFIMI 1 ECTS

Lýsing: Kennsla er bæði í formi verklegra tíma og fyrirlestra. Í tímunum verður m.a farið í gegnum fræðslu um stoðkerfi líkamans, álagsmeiðsli tónlistarfólks, algengar birtingamyndir þeirra og möguleg áhrif og mikilvægi góðrar almennrar heilsu. Í verklega hlutanum verður sérstök áhersla lögð á að efla meðvitund nemenda á mikilvægi góðrar líkamsstöðu í leik og starfi og að bæta líkamlegt ásigkomulag með kennslu á hinum ýmsu þrek- og styrktaræfingum.

Þá verður ekki síst lögð áhersla á líkamann sem skapandi tæki með æfingum og aðferðum sem rækta ímyndunaraflíð og tengsl hugar og líkama.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa eflt líkamsvitund sína,
- hafa aukið líkamlegan styrk og þrek,
- hafa öðlast þekkingu á mikilvægi forvarna gegn álagsmeiðslum,
- hafa dýpkað skilning sinn á líkamanum sem verkfæri.

Námsmat: Símat og virkni á námskeiðinu.

Kennari: Kári Árnason, Saga Sigurðardóttir

TÓNSMÍÐAR II 8 ECTS

Lýsing: Nemandi fær einkatíma í tónsmíðum þar sem áhersla er lögð á að virkja sköpunarkraft nemanda og vinna að listrænni mótun hans.

Í hóptímum, sem eru ítrekun og framhald á hóptímum í tónsmíðum I eru kynnt ýmis hugtök og aðferðir í tónsmíðum í því augnamiði að afhjúpa nýjar leiðir til að hlusta á, hugsa um og skapa tónlist. Áhersla verður lögð á að þroska og efla nemendur í sinni

tónsmíðanálgun en einnig að útvíkka þeirra þekkingu á tónlist 20. aldarinnar. Gerð verða verkefni sem stuðla að frekari tæknilegri kunnáttu og einnig verkefni sem miða að virkjun ímyndunaraflsins. Sett verða fram verkefni sem setja ákveðnar skorður á tónsmíðaferlið en á sama tíma veita töluvert frelsi varðandi útfærslu og nálgun. Stuðst verður einnig við greiningu á tónlist til að fá innsýn inn í skyldleika þess að taka í sundur og setja saman tónlist.

Í masterklössum og fyrirlestrum tónsmíða munu starfandi listamenn kynna sérsvið sitt í tengslum við áherslur tónsmíðanámsins. Að auki koma nemendur með verkefni sín til umfjöllunar.

Í kór Listaháskólans er tekist á við flutning 20. og 21. aldar íslenskrar tónlistar þ.á.m. verk nemenda skólans.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta samið 4-6 mín. fjölradda tónverk, fyrir hljóðfæri og/eða með notkun tölvu,
- vera færir um að nýta aðferðafræði 20. aldar tónsmíða til sjálfstæðrar sköpunar,
- hafa getu til að byggja upp og leiða til lykta listrænt verkefni.

Námsmat: Tónsmíðar og virkni í einkatímum, heimaverkefni og lokaverkefni hóptíma, kór, mæting í masterklassa/fyrirlestra

Umsjónarkennari: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

TÓNSMÍÐAR IV

10 ECTS

Lýsing: Nemandi fær einkatíma í tónsmíðum þar sem áhersla er lögð á að virkja sköpunarkraft nemanda og vinna að listrænni mótun hans. Í öðrum hluta námskeiðsins vinnur nemandi sjálfstætt tónsmíðaverkefni þar sem megináherslan er á samstarf við utanaðkomandi aðila/leiðbeinanda. Um getur verið að ræða tónlist við leiksýningu, tónleikhús, stuttmynd, dansverk, vídeóverk, sérverkefni tengt sértækri aðferðafræði tónsmíða eða sérverkefni tengt sérstakri samsetningu hljóðfæra. Í masterklössum og fyrirlestrum tónsmíða munu starfandi listamenn kynna sérsvið sitt í tengslum við áherslur tónsmíðanámsins. Að auki koma nemendur með verkefni sín til umfjöllunar.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa samið 8-10 mínútur af tónlist fyrir kammerhóp og/eða verk fyrir kór/einsöng eða með notkun rafrænnar tækni,

- hafa unnið sérverkefni tónsmíða í samvinnu við nemendur eða listamenn úr öðrum listgreinum,
- geta kynnt hugmyndir sínar á skilmerkilegan hátt,
- hafa tileinkað sér gagnrýna sýn á eigin verk og annarra.

Námsmat: Tónsmíðar og virkni í einkatímum, sérverkefni tónsmíða, mæting í masterklassa/fyrirlestra og kór skólans.

Umsjónarkennari: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

Kennarar: Atli Ingólfsson, Einar T. Einarsson, Hafdís Bjarnadóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Hilmar Örn Hilmarsson, Páll Ragnar Pálsson, Ríkharður H. Friðriksson, Úlfar Ingi Haraldsson, Jesper Pedersen

UDIRSTÖÐUR TÓNHEYRNAR II

2 ECTS

Lýsing: Námskeiðið er seinna námskeið af tveimur til undirbúnings fyrir Tónheyrn I. Í námskeiðinu er lögð aukin áhersla á þjálfun tóneyra, bæði undirbúinn lestur og blaðlestur ásamt því að greina og skrifa niður laglínur, hljómastöðu og hryn.

Námsmat: Tvö próf í hverjum tíma, munnleg og skrifleg, ekkert lokapróf.

Hæfnimiðvið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- lesið einfaldan hryn í einföldum og samsettum takttegundum,
- lesið laglínur í öllum tóntegundum,
- skrifað niður einradda laglínur innan tóntegundar,
- skrifað niður hryndæmi í samsettum og einföldum takttegundum,
- greint eftir heyrn dúr- og mollhljóma í öllum hljómhvörfum.

Kennari: Hildigunnur Rúnarsdóttir

ÆFINGAKENNSLA II

4 ECTS

Lýsing: Á námskeiðinu er æfinganemendum kennt undir handleiðslu umsjónarkennara. Nemandi heldur dagbók um eigin kennsluáætlun og kennslutengda þætti og hugmyndir. Hagnýt handbrögð og hugtök við hljóðfærakennslu byrjenda lærð og æfð.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta kennt hljóðfæraleik á byrjendastigum,
- kunna vel hagnýt handbrögð og hugtök og geta beitt þeim af færni og innsæi,
- geta tæknilega nýtt kennsluáferðir, kunna á tónlistarval og skipulag hljóðfærakennslu byrjenda,
- vera vel að sér í aðalnámskrá tónlistarskólanna og hafa þekkingu til þess að semja próf og undirbúa nemendur fyrir grunnpróf.

Námsmat: Verkleg kennsla, virkni.

Umsjónakennari: NN